32 SÍÐUR

# Morgunblaðið

26. tbl. 60. árg. MIÐVIKUDAGUR 31. JANÚAR 1973 Prentsmiðja Morgunblaðsins.

# Senda Svíar 200 smáhús að verðmæti um 200 millj. kr.?

★ AÐ því er Hrafn Gunnlaugsson, fréttamaður Mbl. í Stokkhólmi, símaði til blaðsins í gærkvöldi var frá því skýrt í kvöldfréttum sænska sjónvarpsins, að sænska ríkisstjórnin hefði í hyggju að gefa Íslendingum tvö hundruð smáhús, að verðmæti um það bil 10 milljónir sænskra króna — eða sem nemur um tvö hundruð milljónum íslenzkra króna.

★ Sagði og í fréttunum, að sendinefnd mundi halda til Íslands á vegum stjórnarinnar í lok vikunnar til þess að ráðfæra sig við Íslendinga um afhendingu og byggingu húsanna, sem væntanlega yrðu smíðuð í Svíþjóð en flutt í einingum til samsetningar á Íslandi.

★ Þá var einnig skýrt frá því, að vinabær Vestmannaeyja í Svíþjóð, Borlänge, hefði ákveðið að senda hundrað þúsund sænskar krónur til bágstaddra Vestmannaeyinga, eða sem nemur tveimur millj. íslenzkra króna. Loks sagði fréttamaðurinn, að í undirbúningi væri söfnun á vegum Rauða krossins sænska, að því er fregnir í Stokkhólmi hermdu.

Morgunblaðið hafði samband við Einar Ágústsson, utanríkisráðherra og spurðist fyrir um það, hvort ríkisstjórninni hefði borizt vitneskja um þessa ákvörðun sænskra stjórnarvalda. Utanríkisráðherra kvað svo ekki vera, þetta væri hið fyrsta sem hann heyrði um málið en bætti við: „Utanríkisráðuneytið hafði samband við sendiherra Svía hér á landi í gær og benti honum á, að aðstoð í formi húsa yrði ákaflega vel þegin — og mundi koma sér afar vel eins og nú væri ástatt. Þetta er hins vegar

Framhald á bls. 20.



Mynd þessi er frá fyrsta fundi hinnar alþjóðlegu eftirlitsnefndar, sem á að fylgjast með að vopnahlé sé virt í Vietnam. Michael Gauin, einn af fulltrúum Kanada (standandi) ávarpar fundarmenn.

## Morgunblaðið í dag ....

er 32 síður.
Af efni þess má nefna:

Fréttir 1, 2, 3, 11, 15. 16, 20, 32
Minnisblað Vestmannaeyinga 2
Landhelgisgæzlan æfir töku skuttogara 3
Spurt og svarað — Skattgreiðendur spyrja 4
Loðnumóttaka undirbúin í Vestmannaeyjum 10
Breytingar í Stjórnarráðshúsinu 12
Erfiðast að tjónka við húseigendur 12
Þingfréttir 14
Á ég að gæta bróður míns? 14
Hafnarhrip — eftir Matthías Johannessen 17
Íþróttafréttir 30, 31



Mikis Theodorakis

Vietnam:

## Skorað á stríðsaðila að virða vopnahléð

### Dregur heldur úr bardögum — Indó-Kína-ráðstefna í París 26. febrúar?

Moskvu, Washington, Saigon, 30. janúar — AP-NTB

RÍKISSTJÓRNIR Sovétríkjanna og Bandaríkjanna hafa báðar beint þeim áskorunum til hlutaðeigandi aðila í Vietnam, að þeir virði vopnahléð, sem ganga átti í gildi á miðnætti sl. laugardag. Hefur formaður bandarísku samninganefndarinnar í friðarviðræðunum í París, William Porter, varað aðila við vopnahlésbrotum og látið að því liggja, að aðstoð Bandaríkjamanna við bæði S- og N-Vietnam í framtíðinni verði háð því, hvernig vopnahléssamningarnir eru virtir.

Alþjóðlega eftirlitsnefndin í S-Vietnam hefur enn ekki getað komið gæzlusveitunum til starfa út um landið vegna bardaga, sem þar hafa stöðugir verið. Þeir virðast þó heldur í rénun og eru ýmsir þeirrar skoðunar, að eðlilegt megi teljast að nokkurn tíma taki að þagga niður vopnagnýinn, eftir svo langvarandi átök.

Haft er eftir áreiðanlegum heimildum í París, að hin alþjóðlega ráðstefna um Indókína, sem á að hafa það aðalverkefni að tryggja frið í Vietnam, muni hefjast þar í borg hinn 26. febrúar nk.

Þátttakendur í ráðstefnu þessari verða, samkvæmt fyrri fréttum, fulltrúar Bandaríkjanna, S- og N-Vietnams, Þjóðfrelsishreyfingarinnar, Kanada, Indónesíu, Ungverjalands, Póllands, Bret-

Framhald á bls. 20.

Theodorakis úr kommúnistaflokknum:

## Yrði sjálfur fyrsta fórnarlamb kommúnískrar ríkisstjórnar

London, 30. janúar — AP

GRÍSKA tónskáldið Mikis Theodorakis sagði við fréttamenn í London, er hann kom þangað í gærkvöldi, að hann hefði sagt sig úr kommúnistaflokki lands síns sökum þess, að hann væri nú þeirrar skoðunar, að hann mundi sjálfur verða meðal fyrstu fórnarlamba kommúnískrar stjórnar, ef hún kæmist þar á laggirnar. Engu að síður kvaðst Theodorakis vera á því, að sem fyrst ætti að velta úr valdastóli herforingjastjórninni, sem nú ríkir í Grikklandi.

Theodorakis er til Lundúna kominn til þess að setja upp nýtt verk í Royal Albert Hall. Hann sagði við fréttamenn, að hann teldi sig nú frjálsan mann fremur en kommúnista og hann upplýsti, að hann hefði sagt sig úr flokknum á sl. ári eftir að hafa skrifað harða gagnrýni á starfsemi hans.

„Ég mundi ekki vilja fórna sjálfum mér fyrir að koma á í Grikklandi kerfi á borð við það, sem nú er í Sovétríkjunum,“ sagði Theodorakis og bætti við að hann segði þetta nú, þrátt fyrir þrjátíu ára baráttu sína fyrir því, að koma kommúnisma á í Grikklandi. „Ég er hættur að trúa á flokka og fólk, sem vill hreykja sér yfir almúgann,“ sagði hann.

Theodorakis býr nú sem útlagi í París, en þangað fékk hann að flytjast með fjölskyldu sinni fljótlega eftir að herforingjastjórnin gríska sleppti honum úr fangelsi eftir 32 mánaða dvöl þar. Hann fór skömmu síðar til Sovétríkjanna í heimsókn og var þar mikið með hann látið.

Theodorakis er hvað kunnastur fyrir tónlistina úr kvikmyndunum „Zorba“ og „Z“.

### Vestmannaeyjar:

## Deilur um afnot af Hótel H. B.

Vestmannaeyjum í gærkvöldi, frá B rni Vigni Sigurpálssyni.

**MEÐ kvöldinu komu hingað til Vestmannaeyja þeir Erling Aspelund, hótelstjóri Loftleiða og Stefán Ólafsson, veitingamaður í Múlakaffi, og munu þeir annast skipulag á gistingu og viðurgerningi fyrir björgunarliðið, sem hér dvelst um þessar mundir.**

Samkvæmt ósk dómsmálaráðuneytisins hefur Hótel H. B. hér í Vestmannaeyjum verið tekið til afnota af bæjarstjórn og Almannavörnum í þessum tilgangi. Svo virðist sem deilumál sé risið út af þessari ákvörðun, því að í dag komu hingað eigendur hótelsins og hófu að bera út alla innanstokksmuni hótelsins í trássi við óskir ráðuneytisins, sem gerði ráð fyrir að björgunarliðsmenn nytu allra þæginda, sem þar voru fyrir hendi. Var í gærkvöldi unnið að því að jafna þennan ágreining.

# Athugasemd utanríkisráðherra við ummæli Sir Alecs

**MORGUNBLAÐINU hefur borizt eftirfarandi yfirlýsing frá Einari Ágústssyni, utanríkisráðherra, vegna frásagnar blaðsins fyrir skömmu af ræðu Sir Alec Douglas-Home í brezka þinginu. Til glöggvunar birtir Morgunblaðið hér með þann kafla í ræðu Sir Alecs, sem um er rætt í yfirlýsingu utanríkisráðherra.**

„Vegna ummæla, sem höfð eru eftir Sir Alec Douglas-Home í Morgunblaðinu og Alþýðublaðinu vill Einar Ágústsson, utanríkisráðherra, taka fram eftirfarandi:

Á ráðherrafundinum í Reykjavík 27. og 28. nóvember 1972 lögðu Bretar til, að veiðar brezkra togara á Íslandsmiðum yrðu takmarkaðar við ákveðna tölu úthaldsdaga, þannig að um 10% fækkun á úthaldsdögum væri að ræða. Töldu Bretar, að þessi aðferð mundi gefa af sér 25% minna aflamagn en þeir fengu árið 1971, sem var óvenjugott aflaár. Þetta tilboð var tekið til athugunar af Íslands hálfu. Lauk Reykjavíkurfundinum þannig.

Þegar ég hitti Sir Alec Douglas-Home í Bruxelles í desember sagði ég honum, að þessi tillaga væri ekki aðgengileg fyrir okkur, m.a. vegna þess, að erfitt væri að hafa eftirlit með framkvæmd slíkra aðgerða. Væri því nauðsynlegt að fleira kæmi til, og þá helzt að athuga sameiningu á tveimur aðferðum, þ. e. takmörkun úthaldsdaga og svæðafyrirkomulagi. Ég sagði að nauðsynlegt væri að vita hversu langt Bretar vildu ganga til samkomulags áður en afstaða væri tekin til þess, hvort formlegar viðræður gætu orðið að gagni. Sir Alec kvaðst geta fallizt á, að fleiri en einni aðferð væri beitt til að ná sama marki, ef heildarniðurstaðan breyttist ekki mikið, þ.e. ef mismunandi aðferðum væri ekki bætt hverri ofan á aðra. Á þessum grundvelli afhenti Sir Alec tillögu um, að auk tilboðsins frá nóvemberfundinum, yrði einu svæði af sex umhverfis landið lokað til skiptis í 2 mánuði í senn. Að athuguðu máli var talið að þetta tilboð væri ekki aðgengilegt og skýrði ég frá því í orðsendingu minni til Sir Alec hinn 19. janúar s.l. Lagði ég jafnframt áherzlu á, að ríkisstjórn Íslands væri reiðubúin til frekari viðræðna ef hagstæðari tillögur kæmu frá brezku ríkisstjórninni. Ella væri bilið milli sjónarmiða ríkisstjórna Íslands og Bretlands enn of breitt til að nýr fundur gæti komið að gagni.

Utanríkisráðuneytið,
Reykjavík, 30. janúar 1973."

**UMMÆLI SIR ALEC Í ÞINGINU**

„Þegar ég hitti íslenzka utanríkisráðherrann á ráðherrafundi NATO 6. og 8. desember, sagði hann, að við hefðum rætt um takmörkun á heildaraflanum um sem svaraði tuttugu og fimm af hundraði og spurði mig, hvort ég gæti látið hann hafa tillögu, þar sem þessu marki væri náð með því að sameina takmörkun á sókn og skiptingu í veiðisvæði. Að höfðu samráði lét ég honum í té tillögu, en samkvæmt henni

**Framhald á bls. 22**



Varðskipsmenn koma á gúmbáti siglandi upp að skut togarans.

# Landhelgisgæzlan æfir töku skuttogara

**LANDHELGISGÆZLAN vill vera við öllu búin, þegar heimild verður gefin um að nú skuli taka landhelgisbrjót og flytja skipstjóra fyrir dómara. En hin nýju skip, skuttogararnir, eru mjög borðháir og erfiðir viðfangs. Því verður að nota aðra tækni við að fara um borð í þá en við að taka gömlu síðutogarana.**

Nýlega var eitt varðskipanna statt á Seyðisfirði. Bæjarbúar urðu þá vitni að æfingu skipverja varðskipsins, þar sem þeir æfðu sig í að fara um borð í skuttogarann Gullver, sem þar lá í höfninni. Varðskipsmenn notuðu til þess gúmbát og sigldu á honum upp í skutinn og klifruðu síðan um borð. Gaf þessi aðferð góða raun.

Skuttogarar í brezka togaraflotanum eru þó ekki ýkja margir, þótt þeirra hafi talsvert orðið vart á miðunum við Ísland frá því 1. september, er landhelgin var færð út. Það er því nauðsynlegt að varðskipsmenn kunni tökin á skuttogurunum og geti komizt um borð í þá, þegar þurfa þykir.



Varðskipsmenn ráðast til uppgöngu í skuttogarann Gullver.

# Isotopar í gosefnunum greindir í Oxford

## Ísl. jarðfræðingur var sendur þaðan

**JARÐFRÆÐIDEILD Oxfordháskóla sendi íslenzkan jarðfræðing til landsins strax og gosið hófst í Vestmannaeyjum. Er það Ingvar Birgir Friðleifsson, jarðfræðingur, sem er þar við framhaldsnám. Hefur hann verið í Vestmannaeyjum undanfarna daga og safnað sýnishornum af hrauninu, tekið myndir, gert athuganir á því, og er ætlunin að hann haldi fyrirlestur um gosið við jarðfræðideild háskólans og einnig að settur verði upp sýningarskápur í jarðfræðisafninu með myndum og sýnishornum, þegar hann kemur út aftur.**

Ingvar heyrði um gosið í Eyjum í BBC kl. 8 morguninn eftir að það byrjaði og þegar hann kom í háskólann klukkutíma seinna var strax gengið í að útvega fé og senda hann til Íslands. Komst hann heim á miðvikudag og fór til Vestmannaeyja. Nú er hann aftur á förum utan með myndir sínar og sýnishorn.

Ingvar tjáði Mbl. að jarðfræðideild Oxfordháskóla hefði samráð við jarðfræðingana Sigurð Steinþórsson og Svein Jakobsson og mundu menn í Oxford greina isotopahlutfallið í sýnishornunum og bera þau saman við eldri myndanir í Surtsey og í Heimaey. En þær mælingar er ekki hægt að gera hér á landi. En isotopahlutfallið getur gefið talsverða hugmynd um þróunarsögu bergsins.

**KÓPAVOGSAPÓTEK**

Opið öll kvöld til kl. 7, nema laugardaga til kl. 2, sunnudaga frá kl. 1—3.

**SKATTFRAMTÖL — BÓKHALD**

Herbert Marinósson,
símar 26286 og 14408.

**ÍBÚÐ ÓSKAST**

3ja herb. íbúð óskast á leigu í vesturbænum. Uppl. í síma 15627.

**SPORT OG LEÐURHÚFUR**

Seljast beint frá verksmiðjunni.
Huefabrikken,
Agnetevej 4,
København S.

**VÍXLAR**

Kaupum víxla fyrir vörur og peninga. Upplýsingar í síma 10733 milli kl. 5 og 7 daglega.

**AÐSTOÐARSTÚLKA**

óskast á tannlæknastofuna Óðinsgötu 4. Upplýsingar á milli kl. 6 og 6.30 að Óðinsgötu 4.

**SKATTFRAMTALS- OG BÓKHALDSAÐSTOÐ**

fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Set einnig upp greiðslukerfi fyrir launagreiðslur.
Guðmundur Þórðarson,
viðskiptafræðingur
sími 1-53-47, eftir kl. 1.

**BROTAMÁLMUR**

Kaupi allan brotamálm hæsta verði, staðgreiðsla.
Nóatún 27, sími 2-58-91.

**LÖGG. ENDURSKOÐANDI '73**

óskar eftir starfi strax. Hef talsverða reynslu í bókhaldi og uppgjörum. Sími 18821.

**NEÐRI-GRUND, SÚÐAVÍK**

Húseignin Neðri-Grund, Súðavík er til sölu nú þegar. Upplýsingar í síma 94-6945.

**KEFLAVÍK**

Til sölu 2ja herb. íbúð við Birkiteig. Laus 1. júní.
Fasteignasala
Vilhjálms og Guðfinns
símar 1263 — 2890.

**STÚLKA**

vön afgreiðslustörfum óskast Uppl. í skrifstofu Sæla Cafe, Brautarholti 22 frá kl. 10—4 í dag og næstu daga. Sími 19521.

**KJÖRBÚÐ BLESUGRÓF**

Seljum kjöt, mjólk, brauð, fisk og nýlenduvörur. Sendum. Opið til kl. 9 á föstudagskvöldum.
Kjörbúðin Blesugróf,
sími 35066.

**LESIÐ**




# Dönsk kvikmyndasýning

í GAMLA BÍÓ laugardaginn 3. febrúar n.k. kl. 14.00 til um 16.15. Sýnd verður „Den forsvundne fuldmætig", „Forfatteren William Heinesen" og „Emilie frá Sarqaq" (stutt Grænlandsmynd).
Miðar á kr. 30,00 verða seldir að Laugavegi 1 (leikfangabúðin) frá kl. 9.00 þriðjudaginn 30. janúar til kl. 12 á hádegi n.k. föstudag.

DANSK KVINDEKLUB — DET DANSKE SELSKAB
FORENINGEN DANNEBROG — FÖROYAFÉLAGIÐ
DANSK-ÍSLENZKA FÉLAGIÐ.

# Vélsmiðjan Magni hf. Vestmannaeyjum

Starfsmenn Vélsmiðjunnar Magna hf. eru vinsamlega beðnir að láta skrá sig á skrifstofu okkar, Garðastræti 42, sími 17882.

VÉLSMIÐJAN MAGNI HF.

# Vélaverkstæði Reykjavíkurborgar

óskar eftir bifvélavirkjum og vélvirkjum.

Upplýsingar hjá yfirverkstjóra vélamiðstöðvar Reykjavíkurborgar, Skúlatúni 1, sími 18000.

# DAGBÓK...

**Í dag er miðvikudagurinn 31. janúar. 31. dagur ársins. Eftir lifa 334 dagar Árdegisháflæði í Reykjavík er kl. 4.51.**

***Því að við horfum ekki á hið sýnilega, heldur hið ósýnilega, því hið sýnilega er stundlegt, en hið ósýnilega eilíft. (Ko. 2. 4.16).***

**Almennar upplýsingar um lækna- og lyfjabúðaþjónustu í Reykjavík** eru gefnar í símsvara 18888.
Lækningastofur eru lokaðar á laugardögum, nema á Laugaveg 42. Sími 25641.

**Ónæmisaðgerðir**
gegn mænusótt fyrir fullorðna fara fram í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur á mánudögum kl. 17—18.

**Náttúrugripasafnið Hverfisgötu 116,**
Opið þriðjudaga, fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 13.30—16.00.

**Listasafn Einars Jónssonar verður lokað í nokkrar vikur.**

**Ásgrímssafn,** Bergstaðastræti 74 er opið sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 1,30—4. Aðgangur ókeypis.



## NÝIR BORGARAR

**Á Fæðingarheimilinu við Eiríksgötu fæddist:**

Ingu Andreasen og Matthíasi Viktorssyni, Smyrlahrauni 12, Hafnarfirði, dóttir, þann 29.1. kl. 18.00. Hún vó 2750 g og mældist 47 sm.

Guðbjörgu Hákonardóttur og Sigtryggi Stefánssyni, Þórufelli 2, Reykjavík, sonur, þann 28.1. kl. 17.40. Hann vó 4300 g og mældist 52 sm.

Júdith Grove og Taomas Grove, Túngötu 36, Reykjavík, sonur, þann 27.1. kl. 21.10. Hann vó 3250 g og mældist 51 sm.

Elísabet Markmann og Hóhn Markmann, Leirubakka 4, Rvík, dóttir, þann 28.1. kl. 15.30. Hún vó 2900 g og mældist 41 sm.

Ingibjörgu Eysteinsdóttur og Sigurði Steinarssyni, Blönduhlíð 2, Rvík, sonur, þann 28.1. kl. 22.15. Hann vó 3620 g og mældist 51 sm.

Sigrúnu Jónsdóttur og Leo Jónssyni, Engihlíð 12, Rvík, sonur, þann 27.1. kl. 16.10. Hann vó 4530 g og mældist 52 sm.

Katrínu Gísladóttur og Auðbergi Jónssyni, Dvergabakka 14 Rvík, sonur, þann 29.1. kl. 1.50. Hann vó 3310 g og mældist 51 sm.

Sigrúnu Stefánsdóttur og Sigþóri Sigurjónssyni, Blómvallagötu 11, Rvík, sonur, þann 26.1. kl. 17.55. Hann vó 4150 g og mældist 52 sm.

Þórunni Tómasdóttur og Kjartani Jónssyni, Lönguhlíð 21, Rvík, dóttir, þann 26.1. kl. 9.35. Hún vó 4300 g og mældist 52 sm.

**Á fæðingardeild Landspítalans** fæddist Emelíu Jónasdóttur og Ingólfi Sigmundssyni, Bröttugötu 1, Vestmannaeyjum, sonur, þann 27.1. kl. 7.25. Hann vó 3130 g og mældist 51 sm. Sonur Emilíu og Ingólfs er fyrsta sveinbarnið sem fæðist frá Vestmannaeyjum, síðan eldgosið hófst.



**Hér sjáum við Emilíu ásamt syni sínum, sem er fyrsti sonurinn, sem fæðist hér, eftir að gosið í Vestmannaeyjum hófst. Ljósm. Sv. Þorm.**



Þann 27.1. sl. fæddist hjónunum Jóhönnu Pálsdóttur og Henry Mörköre, sjómanni, dóttir. Jóhanna var stödd í Eyjum, þegar ósköpin dundu yfir, en ekkert varð henni meint af, og voru mæðgurnar hinar hressustu, þegar við litum til þeirra á fæðingardeild Landspítalans í gær. Ljósm. Sv. Þorm.

## FRÉTTIR

**Aðalfundur**
Hins íslenzka náttúrufræðifélags verður haldinn í 1. kennslustofu Háskólans, laugardaginn 17. febr. kl. 14. Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf. Lagabreyting. Að fundi loknum verða að venju sýndar myndir úr ferðum félagsins s.l. sumar. Þeir, sem eiga myndir eru vinsamlega beðnir að koma með þær.

**Húsmæðrafélag Reykjavíkur**
Félagsfundur verður að Hallveigarstöðum í kvöld, miðvikudaginn kl. 8.30. Spilað verður bingó. Kaffi. Konur fjölmennið.

## PENNAVINIR

Ivan Martin, frá Ástralíu er 28 ára gamall símvirki. Ivan hefur mikinn áhuga á að kynnast Íslandi og sögu þess, og hefur ákveðið að koma hingað bráðlega. Ivan hefur þess vegna mikinn áhuga á að skrifast á við Íslending, sem gæti gefið honum góðar upplýsingar varðandi landið. Áhugamál Ivans eru tungumál og bréfaskriftir. Nafn og heimilisfang:
Ivan Martin
Flat 2
55 Warkil st.
Cobram 3644
Victoria, Australia.

Hjördís Hendriksdóttir, 12 ára, Höfðalandi 2, Rvík, óskar eftir að skrifast á við jafnaldra sinn úti á landi. Hjördís er í Breiðagerðisskóla, og áhugamál hennar eru einkum tónlist og íþróttir.

Ms. Vicki Vaughn
Saint Olaf College
Northfield,MN 55057, USA
óskar eftir að komast í bréfasamband við Íslending. Áhugamál: Bókmenntir, tungumál og barnasögur. Vicki stundar nám í bókmenntum við háskólann í Northfield og hefur í hyggju að gerast barnabókahöfundur.

## SÁ NÆST BEZTI...

Gesturinn: Viltu gera svo vel að segja húsbóndanum, að vinur sé kominn að heimsækja hann.
Vinnukonan: Vinur! Þér hljótið að fara húsavillt. Þetta er hús innheimtustjórans.




Björgunarsveitir ryðja vikurbingjum af þaki fiskiðjuvers Ísfélagsins í Vestmannaeyjum. (Ljósm. Mbl. Kr. Ben.)

Vestmannaeyjum í gær.
Frá Birni Vigni Sigurpálss.

NÚ ER búið er kveðja út starfsmenn fiskimjölsverksmiðjanna í Eyjum og næstu daga verður unnið að því að gera þær tilbúnar fyrir loðnuvertíðina, en fyrsta loðnugangan nálgast nú óðum þær slóðir, sem gert hafa Vestmannaeyjar að mestu löndunarstöð loðnuafla. Má gera ráð fyrir að 100—200 menn starfi við verksmiðjurnar þegar þær eru komnar í fullan gang. Skýrði Magnús Magnússon bæjarstjóri frá þessu í samtali við blaðamann Mbl. í dag, og kvaðst hann þar vonast til að upp úr því að Fiskimjölsverksmiðjan kæmist í gang, tækju önnur hjól atvinnulífsins að snúast hægt og sígandi.

# LOÐNUMÓTTAKA UNDIRBÚIN í Vestmannaeyjum

## Eyða verður vonleysi Vestmannaeyinga á meginlandinu, segir Magnús Magnússon bæjarstjóri, í viðtali við Mbl.

### TRÉSMIÐIR BJARGA HUNDRUÐUM MILLJÓNA

Ástandið fer nú dagbatnandi að segja má, sagði Magnús ennfremur. Nú er talið að búið sé að bjarga meirihluta húsa í bænum og áfram er unnið að því að rýma húsin og bjarga húsmunum. Margir hafa þar lagt hönd á plóginn, en ég vil sérstaklega geta hér framlags Trésmiðafélags Reykjavíkur, sem sendi okkur yfir 100 manna lið og þeir hafa unnið dag og nótt að því að negla bárujárn fyrir glugga, sem verst liggja við öskufallinu. Með þessu móti hafa þeir án efa bjargað verðmætum fyrir hundruð milljóna, því að mesta hættan hefur einmitt verið fólgin í því, að glóandi gjallsteinar hafa brotið rúður og valdið íkveikju. En nú, síðustu tvo sólarhringana, hefur aðeins komið upp eldur í einu húsi. Var það gamalt timburhús, sem ekki reyndist unnt að bjarga.

Þá sagði Magnús, að björgun húsmuna væri nú komin í fastar skorður og miðaði því verki geysivel áfram. Flutningum með gámum á skipum miðaði vel og um leið og flugvöllurinn opnaðist stæði til að hefja búslóðaflutninga með flugvélum.

### HÚSÞÖK HREINSUÐ

Það er mín skoðun, sem ég byggi raunar á viðræðum við jarðfræðingana, að úr þessu fari að draga úr vikurgosinu, og þá ætti bæjarlífið að færast í eðlilegra horf, sagði Magnús.

Hann sagði að öskufallið hefði valdið því, að nokkur hús hefðu hreinlega hrunið undan þyngslum af vikri þeim er safnaðist í bingi á húsþökunum. En nú væri fjölmennt lið í því að hreinsa Fiskimjölsverksmiðjuna og fiskvinnslustöðvarnar. Magnús sagði að sérstaklega væru það flötu þökin sem hætt væri við hruni vegna öskulagsins og bætti því við að ísl. arkitektarnir mættu hafa þetta hugfast í framtíðinni.

### ATVINNULÍFIÐ Í GANG

Magnús var spurður að því, hvernig honum liði í stöðugu sambýli við Kirkjufellið gjósandi eldi og eimyrju.

— Þetta venst, eins og annað, svaraði hann, og eftir því sem öryggis- og björgunarstarfið verður virkara vex öryggiskenndin. Því er nú unnið að því að koma Fiskimjölsverksmiðjunni í gang og upp úr því vona ég að önnur hjól atvinnulífsins taki að snúast.

Ég geri mér auðvitað grein fyrir því, að fyrst í stað verða hér aðeins fullhraustir karlmenn, t.d. má reikna með 100—200 manna liði við Fiskimjölsverksmiðjuna. Síðan munu fiskverkunarstöðvarnar væntanlega koma á eftir. Þær standa að vísu verr að vígi en mjölverksmiðjan, þar sem þær þurfa kvenfólk sem vinnuafl, en ég held, að það séu engir draumórar að ætla að fyrr en varir kunnum við að sjá hér ungar og hraustar stúlkur í fiskverkun. Hér þarf heldur ekki að vanta húsnæði fyrir verbúðir. Skólar og stór íbúðarhúsnæði munu standa auð um stund, því ég geri mér grein fyrir að menningar- og menntalíf í bænum kemst ekki strax í eðlilegt horf — ekki fyrr en með vorinu.

### SIGRA VERÐUR VONLEYSIÐ

Magnús var nú minntur á að hann hefði í viðtali við Morgunblaðið í upphafi eldgossins látið svo um mælt, að hann væri sannfærður um að Vestmannaeyjar mundu endurheimta allt sitt fólk. Er hann enn þeirrar skoðunar?

— Já, ég tel að Vestmannaeyjar eigi eftir að fá meirihlutann af fólkinu aftur, sagði Magnús, Auðvitað geri ég mér grein fyrir að eitthvað af öldruðu og lasburða fólki muni heltast úr lestinni. En við fáum þá bara ungt og hraust fólk í staðinn. Ég er þess fullviss að fyrsta fólkið kemur um leið og fer að draga verulega niður í vikurgosinu.

Í þessu sambandi sagði Magnús, að hann væri sannfærður um, að Vestmannaeyingum á meginlandinu liði mun verr en þeim sem í Eyjum væru, í daglegu sambýli við gosstöðvarnar. Kvaðst hann óttast, að í hópi Vestmannaeyinganna sem til landsins væru komnir, græfi um sig vonleysi um framtíð Eyjanna og „höfuðverkefni okkar á næstunni hlýtur að vera að berjast gegn þessu vonleysi af oddi og egg".

### LÍFÆÐARNAR ÖRUGGAR

Loks vék Magnús ofurlítið að tveimur lífæðum Vestmannaeyja, höfninni og vatnsleiðslunni, með tilliti til gossins í Kirkjufelli, eins og nýja fellið er nú oftast nefnt. Magnús benti á, að gosið væri að því leyti óvenjulegt, að það væri sambland af landgosi og sjávargosi. Hins vegar rynni hraunstraumurinn frá því til sjávar á bezta hugsanlega stað, og stafaði hvorki höfninni né vatnsleiðslunni teljandi hætta af því. Síðustu mælingar sýndu, að innsiglingin hefði breikkað nokkuð, og þó að hún kynni að hafa grynnkað eitthvað, yrði auðvelt verk að dýpka hana aftur.

Um vatnsleiðsluna væri sama að segja. Ekki hefðu enn orðið neinar skemmdir á henni. Að vísu hefði á kafla yfir henni myndazt gjall- eða vikurhryggur, en hann væri nú aftur að mestu horfinn. Ennfremur hefðu jarðfræðingar bent á, að enda þótt hraun kynni að renna yfir leiðsluna, ryddi það jafnan á undan sér talsverðu magni af sandi og leðju þannig að leiðslan ætti að vera tiltölulega vel varin fyrir skemmdum, þó að hraun rynni yfir hana.



Götumynd frá Vestmannaeyjum. Ruddar hafa verið slóðir fyrir bifreiðar, svo að hægt væri að halda áfram flutningi húsmuna. (Ljósm. Mbl. Kr. Ben.)

# Breytingar í Stjórnarráðshúsinu

## — þar verða embætti forseta Íslands og forsætisráðuneytið til húsa



Hin nýja skrifstofa forsætisráðherra (Ljósm. Mbl.: Ól. K. Mag.)

**GAGNGERAR endurbætur fara nú fram innanhúss í Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg. Miða breytingarnar að því að embætti forseta Íslands flytji í Stjórnarráðshúsið og deili því með forsætisráðuneytinu. Sem kunnugt er var utanríkisráðuneytið til**



**Það er ýmislegt, sem fylgir því að taka heilt hús í gegn.**

**húsa í Stjórnarráðshúsinu, þar til það fluttist í nýju lögreglustöðina við Hverfisgötu.**

Þegar Mbl. kom í Stjórnarráðshúsið í gær, voru iðnaðarmenn þar önnum kafnir, en aðeins tvö herbergi hússins standa óbreytt eftir; skrifstofa í suðvesturenda efri hæðar og aðsetur forsætisráðherra, sem verður fundarsalur fyrir ríkisráð og ríkisstjórn, en forsætisráðherra hefur flutt þangað, sem utanríkisráðherra áður var.

Hannes Jónsson, blaðafulltrúi ríkisstjórnarinnar, gekk með blm. Mbl. um Stjórnarráðshúsið. Embætti hans fær suðurenda efri hæðarinnar og verður þar skrifstofa blaðafulltrúans, fundarherbergi og aðstaða fyrir ritara og vélritun. Í norðurendanum verður m.a. ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu, en lítil biðstofa verður á milli.

Sem fyrr segir er forsætisráðherra fluttur í herbergi það í suðvesturhorni neðri hæðarinnar, sem utanríkisráðherra hafði, og fyrra aðsetur forsætisráðherra þar við hliðina er orðið að fundarherbergi fyrir ríkisráð og ríkisstjórn. Það herbergi mun standa óbreytt eftir breytingarnar með sínum málverkum af Hannesi Hafstein og Ólafi Thors.

Sameiginleg biðstofa verður á neðri hæð fyrir embætti forsætisráðherra og forseta Íslands, en embætti hans fær að öðru leyti norðurenda neðri hæðarinnar, þar sem verða auk skrifstofu forsetans, herbergi fyrir forsetaritara og einkaritara. Skrifstofa forseta Íslands verður í norðvesturhorni hússins.

Það er Bygging h.f., sem annast breytingarnar í Stjórnarráðshúsinu undir stjórn embættis húsameistara ríkisins.



**Þarna verður í framtíðinni skrifstofa forseta Íslands. —**

**Björgunarstarf í Eyjum:**

# Erfiðast að tjónka við húseigendur

## Fjögurra daga verk að tæma Eyjar af búslóðum

Vestmannaeyjum í gær.
Frá Birni Vigni Sigurpálssyni.

**Í DAG hófust búslóðaflutningar með flugvélum frá Vestmannaeyjum til lands, en óhagstæð lendingarskilyrði í Eyjum hafa tafið fyrir slíkum flutningum síðustu dægur. Hingað kom í morgun flugvél frá Fraktflug, og fór aftur með fullfermi af búslóðum og einnig taka þrjár DC-3 vélar frá varnarliðinu þátt í þessum flutningum. Á sama tíma er haldið áfram flutningum með skipum.**

Guðjón Petersen, starfsmaður Almannavarna, sem vinnur að því að samræma störf hinna ýmsu björgunarsveita hér í Eyjum, sagði í samtali við blaðamann Mbl. í gær, að nú fyrsta kastið yrði reynt að koma flugleiðina öllum þeim búslóðum, sem bjargað hefur verið úr íbúðarhúsum og komið fyrir í barnaskólanum til geymslu. Eru það alls um 30—40 búslóðir. Guðjón sagði, að *síðustu dægur hefði* gengið mjög vel að bjarga búslóðum úr þeim húsum í þeim hverfum, sem talið er að mest hætta stafi af öskufallinu. Væri nú búið að tæma öll hús austan Skólavegar. Þessar búslóðir hefðu annaðhvort verið settar beint í gáma og fluttar sjóleiðina til lands, eða komið fyrir í tryggum geymslum og skemmum í Eyjum. Auk þess væru margir húseigendur í Vesturbænum búnir að tæma mörg hús þar og flytja á bátum til lands. Áætlaði Guðjón að aðeins myndi taka fjóra daga, að flytja þær búslóðir sem nú eru eftir hér í Eyjum, en þó með þeim fyrirvara að vel viðraði fyrir flutninga flugleiðis.

Guðjón kvað björgunarstarfið nú vera komið í fastar og skipulegar skorður, með ákveðinni verkaskiptingu milli björgunarsveitanna innbyrðis. Hann taldi að þessa stundina ynnu um 400 menn að björgunarstarfinu.

Gullfoss hefur ekki verið notaður neitt að ráði af björgunarsveitarmönnum, enda þótt þeir *séu margir hvíldar þurfi.* Sagði Guðjón, að mönnum fyndist ekki taka því að fara út í skip til að fá hvíld, heldur vildu þeir sofa fáeinar stundir í landi, og í því skyni hefði Félagsheimilið í Eyjum verið opnað. Annars sagði Guðjón, að yfirleitt væri sá háttur hafður á, að um leið og menn óskuðu eftir hvíld væru þeir sendir í land, og í stað þeirra fengið óþreytt lið.

Loks sagði Guðjón að nú hefðu verið fengnir 6 flutningabílar til viðbótar þeim bílakosti sem fyrir var og ætti það enn að hraða björgunarstarfinu.

Þeir björgunarsveitarmenn, sem ég hef talað við, hafa margir hverjir unnið sleitulaust við björgunarstörf í 4 sólarhringa samfleytt og ekki sofið nema 2—3 tíma allan þennan tíma. Þeir sem ég hef talað við, telja þó ekki eftir sér þennan langa vinnudag, en þess í stað kvarta þeir frekar undan sálrænni þreytu, sem stafi af því að þeir þurfi stundum að taka fram fyrir hendurnar á húseigendum varðandi það hverju skuli bjargað, en einmitt það fari verst með þá og sé erfiðast og viðkvæmast.




**Kort þetta er Vestmannaeyingum til glöggvunar og sýnir staðsetningu Neskirkju í borginni.**

# Barnastarf í Neskirkju

## — fyrir börn Vestmannaeyinga

**HJÁLPARSTOFNUN kirkjunnar hefur í samráði við sóknarprest Vestmannaeyja og Vestmannaeyjakaupstað ákveðið að efna til barnastarfs í safnaðarheimili Neskirkju fyrir börn Vestmannaeyinga á aldrinum 2—6 ára. Forstöðumaður starfsins verður Karl Sigurbjörnsson cand.theol., en ásamt honum munu starfa frá Æskulýðsstarfi Þjóðkirkjunnar Hrefna Tynes, ýmsir sjálfboðaliðar auk starfsstúlkna af barnaheimilinu í Vestmannaeyjum.**

Starfsemin hefst miðvikudaginn 31. janúar, kl. 13.00, klukkan 1. Þá ber að koma með 4ra, 5 og 6 ára gömul börn.

Í fyrstu mun starfseminni þannig háttað, að tekið verður við 2ja og 3ja ára gömlum börnum á morgnana, verða þau höfð í gæzlu á tímanum kl. 10—12.

Eftir hádegi verður tekið við börnum á aldrinum 4ra, 5 og 6 ára, kl. 13.00 og þau höfð í gæzlu til kl. 16.00.

Ofangreindar tímasetningar eru aðeins til bráðabirgða meðan séð verður hversu mikil þörfin er. Síðar er hugsanlegt að breyta þeim og þá e. t. v. í samræmi við óskir foreldranna.

Þar sem systkini eru í sitt hvorum aldurshópi er hægt að láta þau fylgjast að, þannig að yngra barnið fylgi því eldra eða öfugt. Rétt er að taka fram, að aðstaða er í safnaðarheimilinu fyrir mæður, sem vilja dvelja þar einhvern tíma dagsins.

Þetta starf er aðeins í upphafi hugsað til bráðabirgða meðan línur eru að skýrast með búsetu Vestmannaeyinga.

# Aðsetur bæjarfógeta í Eyjum til Reykjavíkur

**Í GÆR var frumvarp til laga um bráðabirgðabreytingu á dómsmálastjórn Vestmannaeyja o.fl. samþykkt sem lög frá Alþingi. Dómsmálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu og voru veitt afbrigði frá þingsköpum og frumvarpið afgreitt frá báðum deildum samdægurs.**

Lögin kveða á um, að aðsetur bæjarfógetans í Vestmannaeyjum er flutt um sinn til Reykjavíkur. Þá segir að aðila, sem varnarþing eigi í Vestmannaeyjum, megi sækja fyrir dómi á aðsetursstað embættis bæjarfógetans í Vestmannaeyjum í Reykjavík. Ennfremur skal bæjarfógetinn svo gilt sé, afsegja víxla með greiðslustað í Vestmannaeyjum að aðsetri bæjarfógetans í Reykjavík.

Í 3. grein laganna segir: Nú fellur krafa eða önnur fjárskuldbinding með greiðslustað í Vestmannaeyjum, eða krafa á hendur aðila með varnarþing í Vestmannaeyjum í gjalddaga á tímabilinu frá 23. janúar 1973 til 22. febrúar 1973, og er þá gjalddaga þeirrar skuldbindingar frestað til 23. febrúar 1973.




Réttaráhrifum vegna vanefnda á fjárskuldbindingum með efndastað í Vestmannaeyjum eða fjárskuldbindingum aðila með varnarþing í Vestmannaeyjum, sem fallið hafa í gjalddaga fyrir 23. janúar 1973, er frestað til 22. febrúar 1973.

*4. grein fjallar um réttaráhrif* tilkynningar og 5. grein um vexti af skuldum, sem greiðslu er frestað á, en þeir skulu vera hinir sömu og krafan bar.

Í 6. grein segir, að dómsmálaráðherra ákveði með auglýsingu, hvenær sá háttur mála, sem um er rætt í 1. og 2. grein, falli niður.

**Ólafur Jóhannesson dómsmálaráðherra,** sagðist ekki þurfa að hafa mörg orð um þetta frumvarp. Margvísleg röskun hefði orðið á högum manna vegna atburðanna í Vestmannaeyjum. Nauðsynlegt væri að gera bráðabirgðaskipun varðandi staðsetningu bæjarfógetaembættisins í Vestmannaeyjum. Og af sömu ástæðum væri nauðsynlegt að fresta réttaráhrifum ýmissa skuldbindinga. Hins vegar yrði enn um sinn staðsettur fulltrúi frá bæjarfógetaembættinu í Vestmannaeyjum þar í kaupstaðnum og myndi hann hafa með höndum stjórn lögreglumála og annað þess háttar. Nauðsynlegt væri að koma þessari skipun mála í löglegt form sem fyrst, og því væri vonazt til að þetta frumvarp yrði að lögum þá um daginn.

# Kveðjur frá þingmönnum Norðurlanda

**Í UPPHAFI fundar í Sameinuðu þingi las varaforseti þess, Gunnar Thoroddsen upp bréf, sem Alþingi hafði borizt frá dönskum, finnskum, sænskum og norskum þingmönnum, sem nú sækja ráðstefnur í Helsingfors. Bréfið fer hér á eftir:**

Danskir, finnskir, norskir og sænskir þingmenn, komnir saman í Helsingfors í sambandi við ráðstefnu Alþjóðaþingmannasambandsins um samstarfs- og öryggismál Evrópu, vilja láta í ljós samúð sína með hinum mörgu Íslendingum, sem hafa orðið fyrir þungu áfalli vegna eldgossins í Vestmannaeyjum.

Við vonum af heilum hug, að náttúruhamfarirnar verði ekki víðtækari en orðið er og að afleiðingum þeirra fyrir íbúa Vestmannaeyja og efnahag landsmanna geti þrátt fyrir allt orðið takmörk sett.

Við munum reyna að vinna að því hjá ríkisstjórnum landa okkar, að Íslendingum verði veitt sú aðstoð, sem þörf reynist á, til að byggja upp aftur og bæta fjárhagslegt tjón.

Fyrir hönd sendinefndanna,

**Alsing Andersen (Danmörku),**
**Johannes Virolainen (Finnlandi),**
**Knut Frödenlund (Noregi),**
**Kaj Björk (Svíþjóð).**

**SVARSKEYTI EYSTEINS JÓNSSONAR, FORSETA SAMEINAÐS ÞINGS**

Þakka innilega samúðarskeyti yðar vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum og fyrirheit um að vinna að stuðningi við uppbygginguna og lausn efnahagsvandans.

Það er okkur öllum hér ómetanlegur styrkur og uppörvun að vita um útrétta hjálparhönd þingmanna og annarra á Norðurlöndum og mun sá stuðningur með þökkum þeginn, sem í té verður látinn.

## Gylfi Þ. Gíslason:

# Íslendingar mega vera stoltir af Vestmannaeyingum

**VEGNA plássleysis í blaðinu í gær, var ekki hægt að birta alla frásögnina um umræður, sem urðu vegna þingsályktunartillögu forsætisráðherra um neyðarráðstafanir vegna eldgoss í Heimaey. Niðurlag þeirrar frásagnar fer hér á eftir.**

**Gylfi Þ. Gíslason** sagði: Fyrstu orð mín skulu vera þau, að láta í ljós djúpa samúð í garð Vestmannaeyinga, sem orðið hafa fyrir hörmulegustu áföllum, sem yfir íslenzka þjóð hafa dunið öldum saman.

Jafnframt læt ég í ljós aðdáun á því æðruleysi, þeim kjarki, sem Vestmannaeyingar hafa sýnt í ótrúlegum erfiðleikum. Íslendingar mega vera stoltir af, að á meðal þeirra skuli vera svo staðfast og sterkt fólk sem Vestmannaeyingar hafa reynzt í þessari raun. Það vekur ekki aðeins von um, það veldur vissu um, að það böl, sem nú verður að bera, verður bætt og að aftur blómgist byggð í hinum fögru Eyjum, sem verið hafa prýði Íslands. Það er skoðun Alþýðuflokksins, að sá vandi, sem að hefur borið, sé vandi Íslendinga allra. Einhuga þjóð á að takast á við hann. Með því móti og með því móti einu, mun verða sigrazt á honum. Ég vona af alhug, að gæfa Íslendinga verði slík, að það megi takast.

Þingflokkur Alþýðuflokksins hefur rætt þá tillögu til þingsályktunar, sem forsætisráðherra hefur mælt fyrir. Þingflokkurinn samþykkti einróma að greiða tillögunni atkvæði.

**Lúðvík Jósepsson** kvaðst fyrir hönd þingflokks Alþýðubandalagsins vilja votta Vestmannaeyingum samúð í þeim erfiðleikum sem þeir stæðu nú frammi fyrir og taka undir orð annarra í því sambandi. Lúðvík sagði, að Vestmannaeyjar hefðu verið lífhöfn hins stóra bátaflota og hefði hann byggt sína útgerð á stöðu eyjanna og því ljóst, að margvíslegar ráðstafanir þyrfti að gera til að tryggja rekstur þessarar útgerðar. Lúðvík sagði, að fyrst ekki hefði náðst samkomulag um fjáröflunarfrumvarp ríkisstjórnarinnar vegna þessara atburða, hefði þótt rétt að láta Alþingi kjósa nefnd, til að gera tillögur um ráðstafanir og ná þannig samstöðu allra þingflokka. Kvaðst hann vona að samkomulag næðist um fjárhagsvandamálin, sem væru langstærsta málið, sem nú væri við að etja.

**Hannibal Valdimarsson** sagðist vera djúpt hrærður yfir þeim miklu áföllum og þeim búsifjum, sem Vestmannaeyingar hefðu orðið fyrir vegna eldgossins í Heimaey. Þetta væri einstakur atburður í Íslandssögunni, því að aldrei fyrr hefði eldgos átt sér stað í slíkri nánd við fjölmenna kaupstaðarbyggð.

Hannibal sagði, að einkum hefðu húsnæðisvandræði snúið að sér og sínu ráðuneyti. Hefði verið mögulegt að útvega strax húsnæði fyrir 1000 manns til bráðabirgða, en móttökur Reykvíkinga hefðu verið slíkar, að ekkert þurfti að gera í þeim efnum fyrstu sólarhringana.

Náttúrlega væri ljóst, að bráðabirgðahúsnæði dygði aðeins í nokkrar vikur, og því þyrfti að fara að hugsa fyrir framtíðarlausn *á þeim málum.* Þá sagði ráðherrann, að við sér blasti að kanna hvaða hafnir gætu veitt Vestmannaeyjaflotanum þjón-

**Framhald á bls. 20.**

# Þingmannanefnd kjörin

EFTIR að þingsályktunartillaga frá forsætisráðherra um neyðarráðstafanir vegna eldgossins í Heimaey, hafði verið samþykkt í Sameinuðu þingi var kjörin sú þingmannanefnd, sem þingsályktunartillagan kveður á um.

Aðeins einn listi barst og voru því nefndarmennirnir sjö sjálfkjörnir. Í nefndinni eiga sæti: Eysteinn Jónsson, Halldór E. Sigurðsson, Lúðvík Jósepsson, Hannibal Valdimarsson, Jóhann Hafstein, Ingólfur Jónsson og Gylfi Þ. Gíslason.

# Á ég að gæta bróður míns?

Enginn bölvaldur hefur orðið til jafn mikils skaða þjóðlífi okkar, hin síðustu ár sem ofneyzla sterkra drykkja. Ekkert hefur eyðilagt jafnmörg heimili, hrakið eins margar eiginkonur út á yztu þröm örbirgðar og örvæntingar, svipt eins mörg börn forsjá föðurverndar og heimilisöryggis. Allt þetta er flestum Íslendingum næsta kunnugt. En þó er það ekki fyrr en við komum í nána snertingu við þetta hræðilega böl, sem við sjáum hve voðinn er geigvænlegur.

Síðastliðið ár hafa allmargir drykkjumenn bjargazt frá þessum bölvaldi fyrir vakningarstarf Fíladelfíusafnaðarins í Reykjavík, ekki sízt á tjaldsamkomum safnaðarins síðastliðið sumar. Ungir menn, frá góðum heimilum, og af góðu fólki komnir, er beðið höfðu tjón á þessum vettvangi um árabil, hafa fengið örugga fótfestu og eignazt ný markmið, við þá gerbreytingu, sem persónuleg trúarreynsla gefur hverjum og einum. Það gerist þegar mannssálin mætir Jesú Kristi sem frelsara sínum. Reynsla allmargra slíkra manna hinn síðasta tíma, varpar nýju og björtu ljósi yfir orð Ritningarinnar: „Ef þannig einhver er í samfélagi við Krist, er hann ný skepna, hið gamla varð að engu, sjá allt er orðið nýtt." (2. Kor. 5.17).

Við nána kynningu margra manna, sem eiga þennan bakgrunn, sem að ofan er lýst, og hafa eignazt gerbreytingu afturhvarfsins, skapast kynning og tengsl við ótölulega marga aðra, sem ekki hafa náð til lands, en fáir vissu um fyrr en örlög þeirra komu upp úr djúpinu við kynni okkar við þá, er bjargazt hafa og eru orðnir sem nýliðar í starfinu. Það var eins og söfnuðurinn væri allt í einu orðinn eyja með marga brúarsporða út í hyldýpi mannlegrar eymdar. Og brúarsporðarnir voru þeir ungu menn, sem höfðu fengið fótfestu fyrir afturhvarf til lifandi trúar. Allir vissu þeir um ótölulega marga aðra, sem velktust um í sama brimlöðri, er þeir sjálfir höfðu bjargazt úr. Með örvandi orðum báru þeir ljósið til þeirra, báðu þá að koma og heyra það orð, sem gæti leyst þá og bjargað þeim. Þar með kom ný ábyrgð og nýjar skyldur eins og þung bylgja yfir söfnuðinn.

Þótt þetta nýja álag mæddi á mörgum, mæddi það þó langmest á forstöðumanninum. Hér væri þó á sínum stað, að nefna ákveðin heimili, sem áttu vandamenn, sem bjargazt höfðu, mæður, sem sáu syni sína verða allt í einu að nýjum mönnum, eftir glatað líf í ofdrykkju, en rúmsins vegna er það ekki hægt. Ávöxtur af frelsi sonanna var stundum sá, að mæðurnar tóku á móti Kristi sem frelsara sínum, og gerðu svo heimili sín að nokkurs konar björgunarstöð, fyrrverandi félaga sona sinna. Sum dæmi um þetta eru geislandi fögur.

Einar J. Gíslason ræddi stund um þetta vandamál, sem orðið var allt í einu til á meðal okkar, innan safnaðarstjórnarinnar. Margt kom til álita. Seinast, þegar þetta var rætt meðal margra bræðra, bar forstöðumaður fram ákveðna tillögu í málinu. Að þessi tillaga kom svo fljótt fram, má ef til vill rekja til þess að honum bauð í grun, að safnaðarstjórnin væri með nokkurn undirbúning að fimmtíu ára afmæli hans. Hann vék þeirri spurningu að okkur, hvort hann mætti ekki lyfta þessum afmælisdegi sínum upp á hærra svið en það að hann snerist aðeins um hann sjálfan. Svo kom spurningin: Hvernig munduð þið taka þeirri ósk minni, að allir, sem hugsuðu sér að senda mér skeyti, blóm eða smá glaðning, vildu verja þeim peningum í beint framlag til stofnunar sjóði er skapað gæti aðstöðu til hjálpar drykkjumönnum til betra og bjartara lífs? Þetta tók bergmál í brjóstum allra fundarmanna. Þetta var samþykkt og fært inn í gerðabók fundarins. Jafnframt var þess óskað, að forstöðumaður leyfði, að vel undirbúin samkoma yrði haldin í Fíladelfíu næsta sunnudag eftir réttan afmælisdag hans, er fellur á virkan dag, sem yrði sunnudagurinn 4. febrúar. Lögð var áherzla á að þetta yrði auglýst innan safnaðarins og fórn færi fram á samkomunni til styrktar nefndum sjóði.

Geta má þess að eftir að þetta kom í tal manna á milli hafa hjón, sem heyrðu um þetta rætt, sent þessum væntanlega sjóði ávísun upp á kr. 100.000. Þetta verður þá allra fyrsta gjöfin til þessa málefnis. Nú segir lesandinn ef til vill, þetta hafa verið milljónamæringar, sem gefa svona. Þvert á móti. Maðurinn hefur verið óvinnufær um árabil og kona hans miður sín, eftir að hafa fengið slæma kransæðastíflu. En það sýnir annað, að þegar hjartað slær fyrir eitthverju málefni, þá er sú fórn lögð fram, er annars yrði ekki gefin.

Búast má við, að einhverjir spyrji sem svo, hvernig þetta sé hugsað í framkvæmd. Því er til að svara, að framkvæmdin hefur verið hugsuð en ekki full mótuð. En benda má á, að hvítasunnumenn í Svíþjóð, og þá fyrst og fremst fyrir brautargengi Levi Pethrus, hafa byggt upp þvílíkar björgunarstöðvar fyrir drykkjumenn, að vakið hefur alþjóðar athygli þar í landi, og um öll Norðurlönd. Opinberar skýrslur sýna, að af þeim fjölda drykkjumanna, sem þangað koma, verða 95 af hverjum hundrað, nýir og nýtir menn. Þetta er slíkur stærðarmunur, við árangur af stöðvum sem ríkið starfrækir með ærnum kostnaði, að yfirvöld hafa spurt um ástæðuna fyrir því. Svarið liggur ljóst fyrir. Þarna er fyrst og fremst lögð áherzla á að boða þessum sundurflakandi mannslífum náðarboðskapinn í Jesú Kristi og skírn í Heilögum anda. Þegar kraftur Heilags anda fyllir og yfirskyggir hjarta þess manns, sem fengið hefur fyrirgefning synda sinna fyrir blóð Jesú Krists, verður maðurinn ný sköpun og betur hertygjaður til þess að mæta hverju sem upp á kemur. Á björgunarstöðvum þessum hafa þeir og iðnrekstur, sem dvalargestir fá undir eins vinnu við, í lengri eða skemmri tíma, eftir eigin vali. Björgunarstöð, eitthvað í þessu formi vakir fyrir Fíladelfíusöfnuðinum, helzt í sveit, við góð skilyrði og hæfilega langt frá Reykjavík.

Mætumst svo heil til guðsþjónustunnar í Fíladelfíu, sunnudaginn 4. febrúar kl. 8 með fórn okkar til styrktar þeim sjóði, er hornsteinninn hefur þegar verið lagður að, með gjöf áðurnefndra hjóna, og ætlað er að hrinda því verki í framkvæmd, er gæti orðið tæki í hendi Guðs til að binda um sár margra hjartna, sem blæða í dag. Ef við lyftum merkinu vel í byrjun, styttir það leiðina mjög að framkvæmd málsins.

Á.E.

Söfnun í Kaupmannahöfn:

# 1.500 danskar kr. söfnuðust

**SÉRA Hreinn Hjartarson, prestur í Kaupmannahöfn söng á sunnudag messu í St. Poulskirkjunni og var þar margt manna. Séra Hreinn minntist Vestmannaeyja við messuna og að lokinni predikun risu allir viðstaddir úr sætum sínum til virðingar við fósturjörðina og fóru viðstaddir sameiginlega með Faðirvorið. Að sögn séra Hreins var þessi stund mjög hátíðleg.**

Eftir messuna og í messukaffinu á eftir í húsi Jóns Sigurðssonar söfnuðust um 1.500 danskar krónur, sem eiga að verða styrkur til Vestmannaeyinga. Hreinn gat þess að fjöldi Dana hefði hringt til sín og spurt á hvern hátt þeir gætu liðsinnt Vestmannaeyingum og hvar tekið væri við framlögum. Sagðist Hreinn hafa komið í dagblöðin lítilli tilkynningu um að hann tæki við framlögum fyrir hönd Hjálparstofnunar íslenzku kirkjunnar.

## Gosmökkurinn sést úr Mývatnssveit

Björk, Mývatnssveit, 29. janúar —

SÍÐASTLIÐINN föstudag og laugardag var hér heiðskírt veður og skyggni mjög gott. Telja margir sig hafa séð gosmökkinn frá Vestmannaeyjum. Bar hann héðan að sjá milli Hofsjökuls og Vatnajökuls. — Kristján.




**Helgi Jóhannesson og kona hans með hvíta peysu, sem hann fékk að gjöf frá löggæzluráði Norður-Dakotafylkis. Samkvæmt hefð er ríkissaksóknurum fylkisins gefin slík peysa þegar þeir láta af störfum.**

# LANDSSÖFNUN HAFIN Í NOREGI

## — vegna náttúruhamfaranna

**FUNDUR 13 aðila var haldinn í Osló síðastliðinn föstudag. Voru þar komnir saman menn, sem standa Íslandi og Íslendingum nærri, aðilar frá norskum og íslenzkum fyrirtækjum, forráðamenn Norsk-íslenzka félagsins, Íslendingafélagsins og Norræna félagsins. Menn þessir ákváðu að hefja söfnun vegna atburðanna á Heimaey, en Ólafur Friðfinnsson, sem starfar hjá Loftleiðum í Osló sagði að heldur hafi menn verið tregir til þess að hefja söfnunina, þar sem komið hefði fram, að Íslendingar vildu ekki þiggja aðstoð og í viðtali við norska útvarpið hafi Ólafur Jóhannesson látið að því liggja, að Íslendingar myndu bjarga sér sjálfir.**

Gefin var út fréttatilkynning að loknum fundinum. Hún ber fyrirsögnina „Réttum Íslendingum hjálparhönd". Þar segir að margir Norðmenn hafi látið það í ljós, að þeir vildu gefa í fjársöfnun til Íslendinga vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum. Þar er þess jafnframt getið að þeir sem vilji gefa peninga geti sent þá Norsk-íslenzka félaginu, sem síðan muni koma peningunum til Rauða kross Íslands eða Hjálparstofnunar kirkjunnar. Segir í fréttatilkynningunni, að þessar stofnanir hafi látið í ljós þakklæti fyrir alla þá aðstoð, sem kynni að berast. Eru svo gefin upp gírónúmer og sagt að gjafir skuli merkja „Réttum Íslendingum hjálparhönd".

Selfosshreppur:

# 10% álag á útsvör, ef ráðherra leyfir

## — til styrktar Vestmannaeyingum

**Á FUNDI hreppsnefndar Selfosshrepps sl. föstudag var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:**

„Hreppsnefnd Selfosshrepps sendir bæjarstjórn Vestmannaeyja og Vestmannaeyingum öllum samúðarkveðjur vegna hörmunga þeirra, er nú dynja yfir Vestmannaeyjar. Hreppsnefndin lýsir vilja sínum til að láta í té alla þá fyrirgreiðslu, sem hennar valdi er. Hreppsnefnd Selfosshrepps hefur farið þess á leit við félagsmálaráðherra, að hann leyfi innheimtu 10% álags á útsvör á Selfossi árið 1973, sem látið yrði renna til íbúa Vestmannaeyja samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar."

Þess hefur verið óskað, að þess verði getið, að þeir Vestmannaeyingar, sem dveljast á Selfossi, eigi að hafa samband við skrifstofustjóra Selfosshrepps, ef þeir þarfnast fyrirgreiðslu.

# V-íslenzkur saksóknari heiðraður

**VESTUR-Íslendingurinn Helgi Jóhannesson lét nýlega af starfi ríkissaksóknara í Norður-Dakota. Því starfi hefur hann gegnt í tíu ár eða lengur en nokkur annar maður í fylkinu.**

Af þesssu tilefni var Helgi Jóhannesson heiðraður á ýmsan hátt að því er segir í blaðinu Bismarck Tribune. Í hófi sem honum var haldið til heiðurs voru saman komnir helztu yfirmenn löggæzlumála í Norður-Dakota og honum voru færðar ýmsar gjafir.

Helgi var meðal annars skipaður heiðurslögreglustjóri í Fargo í Norður-Dakota.

Helgi Jóhannesson er 66 ára gamall. Hann hóf störf í skrifstofu ríkissaksóknara 1951 og var um átta ára skeið aðalaðstoðarmaður ríkissaksóknarans þar til hann var sjálfur skipaður í embættið 1962.

Áður fékkst Helgi við lögfræðistörf í norðausturhluta Norður-Dakota og stundaði einnig kaupsýslustörf.

## Söfnun á Síðu

ÍBÚAR Kirkjubæjarklaustursprestakalls, sem staddir voru í Prestsbakkakirkju á Síðu þann 28. janúar síðastliðinn í tilefni þeirra hörmulegu atburða, sem gerzt hafa í Vestmannaeyjum senda öllum Vestmannaeyingum hugheilar samúðarkveðjur.

Ákveðið var að ganga fyrir hvern mann í prestakallinu og veita öllum tækifæri að styðja Vestmannaeyingana með fjárframlögum og er sú söfnun nú í fullum gangi.

Bæjarstjórn Akraness:

# Býður Vestmannaeyingum aðstoð

Akranesi 27. janúar.

**Á FUNDI bæjarstjórnar Akraness, föstudaginn 26. janúar síðastliðinn var eftirfarandi ályktun samþykkt einróma:**

„Bæjarstjórn Akraness vottar bæjarstjórn Vestmannaeyja og öllum Vestmannaeyingum samúð sína vegna hinna hörmulegu atburða, sem þar hafa orðið síðustu daga.

Bæjarstjórn Akraness beinir því til allra Akurnesinga, að veita Vestmannaeyingum alla þá hjálp, er í þeirra valdi stendur, t. d. með útvegun atvinnu og húsnæðis til þeirra, ef á þarf að halda. Bæjarstjórn Akraness væntir þess, að Vestmannaeyingum auðnist að hverfa til heimkynna sinna hið fyrsta.

Meðan núverandi ástand ríkir, vill bæjarstjórnin m. a. benda á þá hafnaraðstöðu, sem fyrir hendi er á Akranesi og stendur Vestmannaeyingum til boða, ef þörf krefur, svo og önnur aðstoð, sem Akraneskaupstaður getur í té látið.

Bæjarstjórnin felur bæjarstjóra að taka upp viðræður við bæjarstjórn Vestmannaeyja og aðra þá aðila, er hlut eiga að þessum málum." — HJÞ.

# Á topp eldkeilunnar

Frá Árna Johnsen.

BLAÐAMAÐUR Morgunblaðsins fór sl. sunnudag upp á austurbrún nýju eldkeilunnar til þess að kanna gígmyndunina og hvernig hraunið kemur þar upp. En aðrir hafa ekki farið upp á gígbrúnina. Hraun slettist upp úr þremur sprungum í gígbotninum. Er gígbotninn í um 100 m hæð, en Kirkjufellið er komið upp í 180 metra hæð. Stærsta hraunsprungan er 15x30 metrar. Sú næststærsta er um 3x9 metrar og sú minnsta aðeins nokkrir fermetrar. — Talsverðar sprengingar voru í gígnum.

Mývatnssveit:

# 1,2 MILLJÓNIR SÖFNUÐUST

Björk, Mývatnssveit, 29. jan.

UM HELGINA var safnað hér um sveitina til styrktar Vestmannaeyingum. Alls söfnuðust 1,2 milljónir króna. Skútustaðahreppur gaf 500 þúsund krónur, Kvenfélag Mývatnssveitar 100 þúsund, Ungmennafélagið Mývetningur 100 þúsund og Sparisjóður Mývetninga 50 þúsund krónur. Almenn söfnun varð 450 þúsund krónur. — Kristján.

# Fann týndan bíl í pörtum á verkstæði

**EINS og oft vill verða um gamla bíla, bilaði einn 13 ára gamall á Skólavörðuholti fyrir nokkru og skildi eigandinn hann þar eftir um sinn. Nokkrum dögum síðar, nánar tiltekið s.l. föstudag, sá vinur bíleigandans dráttarbíl frá Vöku draga bilaða bílinn á brott. Sagði hann eigandanum fréttina, en þar sem eigandinn hafði alls ekki óskað eftir að bíllinn yrði fjarlægður, hóf hann að leita hann uppi. Fann hann bílinn morguninn eftir fyrir utan verkstæði eitt í borginni — eða réttara sagt hræið af honum, því að úr honum var búið að rífa vélina, mælaborðið, framrúðuna, sílsana, hásingarnar og fleira.**

Við eftirgrennslan komst eigandinn að því, að verkstæðið hafði keypt bílinn af ákveðnum aðila — manni, sem eitt sinn hafði óskað eftir að fá þennan bíl til eignar, en fengið neitun við þeirri ósk. Hann hafði síðan fundið hann á Skólavörðuholtinu og gert sér lítið fyrir og selt hann. Samkomulag náðist milli allri aðila þessa máls, þar sem sölumaðurinn lofaði bót og betrun og kvaðst mundu bæta fyrir þetta athæfi sitt.

INNLENT

# Landssöfnun í Færeyjum fyrir Vestmannaeyinga

Þórshöfn, 29. janúar.

Frá Jogvan Arge.

**TUTTUGU OG ÞRJÚ atvinnufyrirtæki og félög í Færeyjum hafa komið sér saman um að skipuleggja fjársöfnun um land allt fyrir íbúa Vestmannaeyja. Hafa samtök þessi skipað nefnd í þessu skyni og er formaður hennar Oli Jacobsen, formaður Sjómannasambands Færeyja.**

**Fyrsti þáttur söfnunarinnar verður að ganga í hús allra Færeyinga, en Lögþing Færeyinga hefur einnig samþykkt að veita Íslendingum aðstoð vegna náttúruhamfaranna.**

**Morgunblaðið**

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.
Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
Ritstjórar Matthías Johannessen, Eyjólfur Konráð Jónsson. Styrmir Gunnarsson.
Ritstjórnarfulltrúi Þorbjörn Guðmundsson.
Fréttastjóri Björn Jóhannsson.
Auglýsingastjóri Árni Garðar Kristinsson.
Ritstjórn og afgreiðsla Aðalstræti 6, sími 10-100.
Auglýsingar Aðalstræti 6, sími 22-4-80.
Áskriftargjald 225,00 kr. á mánuði innanlands.
Í lausasölu 15,00 kr eintakið.


# „SIÐLEYSI“

Forustugrein Tímans í gær nefnist Siðleysi. Þar er með dólgshætti ráðizt að dagblaðinu Vísi vegna ritstjórnargreinar, sem það blað birti sl. laugardag. E.t.v. má segja að sú grein hafi verið hvassyrt, en mönnum hefur líka hitnað í hamsi undanfarna daga og það ekki að ástæðulausu. Vísir greindi frá þeirri ömurlegu staðreynd, að strax eftir að náttúruhamfarirnar hófust hefði ráðherrunum í íslenzku ríkisstjórninni hugkvæmzt að tengja neyðarráðstafanir vegna eldgossins við almennar efnahagsráðstafanir og hagnýta sér þetta ástand til að bjarga hinni dáðlausu ríkisstjórn, sem við völd er. Þetta er staðreynd, sem ekki verður komizt framhjá, enda hafa ekki einungis stjórnarandstöðublöð, heldur líka Þjóðviljinn, birt meginefni þess frumvarps, sem ríkisstjórnin lét semja í skyndingu í síðustu viku. Ef um eitthvert siðleysi er að ræða, þá er það fólgið í því hugarfari að ætla að blanda þessu tvennu saman, upplausninni í efnahagsmálum, heimatilbúnum vanda, og náttúruhamförunum í Vestmannaeyjum.

Þetta framferði ríkisstjórnarinnar hefur að vonum vakið gífurlega reiði um land allt, og einkum þó í hópi þeirra, sem um sárast eiga að binda, Vestmannaeyinga sjálfra. Sem betur fer, var frmvarp þetta stöðvað, því að einnig í hópi stjórnarliða fundust menn, sem ekki leizt á blikuna, og fjórir alþingismenn stjórnarflokkanna andmæltu þessari stefnu stjórnarinnar, þeir Björn Jónsson, Karvel Pálmason, Eðvarð Sigurðsson og Geir Gunnarsson. Ríkisstjórnin sá þá sitt óvænna og hætti við að reyna að knýja frumvarpið í gegnum Alþingi. Þess í stað hefur samkomulag nú náðst um kosningu 7 manna þingnefndar til að gera tillögur varðandi fjáröflun vegna neyðarástandsins í Vestmannaeyjum. En enda þótt formaður Sjálfstæðisflokksins hefði í viðræðum við forsætisráðherra sl. laugardag lýst yfir því. að Sjálfstæðisflokkurinn væri fús til samstarfs um hverjar þær aðgerðir, sem nauðsynlegar væru vegna eldgossins, enda væru þær einskorðaðar við það atvik, þá lét forsætisráðherra ekki svo lítið að skýra formanni Sjálfstæðisflokksins frá hinni breyttu afstöðu, heldur flutti einn nefnda þingsályktunartillögu. Þar með gerði hann vísvitandi tilraun til að rjúfa samstöðu í þessu máli alveg á sama hátt og hann gerði, er hann flutti hina frægu ræðu sína við útfærslu fiskveiðilögsögunnar 1. september.

Sjálfstæðisflokkurinn tók þá afstöðu að reyna að hindra klofning á Alþingi um þetta mál og lét ekki þessa smánarlegu framkomu forsætisráðherra á sig fá. Og mun flokkurinn nú gera tilraun til að fá ríkisstjórnina til að samþykkja tillögur, sem ekki séu tengdar hinum almenna efnahagsvanda, heldur miði að því einu, að rétta við fjárhag Vestmannaeyja og Vestmannaeyinga.

Allir bæjarfulltrúar Vestmannaeyja hafa undirritað yfirlýsingu, þar sem þeir benda á, að leita beri framlaga í formi lána eða á annan hátt hjá þeim sjóðum Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins, sem það hlutverk hafa að veita fyrirgreiðslu, þegar sérstök vandamál ber að höndum. Og jafnframt er skorað á ríkisstjórnina að samþykkja móttöku á fjárframlögum, sem boðin eru erlendis frá. Þetta hvort tveggja er sjálfsagt, þótt ríkisstjórnin hafi látið það undir höfuð leggjast fram að þessu, svo að ekki sé meira sagt.

En auðvitað ber Íslendingum sjálfum að leggja fram meginhluta þess fjármagns, sem þarf til að rétta við fjárhag Vestmannaeyja. Um það eru allir sammála, enda auðvelt að leysa það mál, ef það er aðeins aðskilið frá þeim mikla efnahagsvanda, sem óstjórn undanfarins 1½ árs hefur komið landsmönnum öllum í.

Vonandi gerir ríkisstjórnin sér loks grein fyrir því, að þjóðin mun aldrei fallast á að blanda efnahagsvandanum, sem stjórnin hefur búið til, saman við ráðstafanir vegna náttúruhamfaranna. Geri hún það, mun líka nást full samstaða á Alþingi um allar þær ráðstafanir, sem gera þarf og gera ber.

## Bæjarstjórn Vestmannaeyja:

# Engu máli skiptir hvaðan aðstoð kemur

**BÆJARSTJÓRN Vestmannaeyjakaupstaðar hefur samþykkt ályktun, þar sem hún m.a. segir, að hún vilji láta skoðanir sínar í ljós á fjáröflunarleiðum vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum. Segir þar að bæjarstjórn vænti þess að ríkisstjórnin samþykki móttöku á fjárframlögum, sem boðin hafa verið fram erlendis frá. eða síðar kunna að verða boðin fram og skipti þá engu máli frá hvaða landi framlagið kann að verða boðið. Ályktunin, sem samþykkt var af öllum bæjarfulltrúum er svohljóðandi:**

„Undirritaðir fulltrúar í bæjarstjórn Vestmannaeyja þakka hæstvirtri ríkisstjórn fyrirheit hennar um lausn þeirra efnahagsvandamála bæjarbúa, sem skapazt hafa við þær náttúruhamfarir, sem nú standa yfir í Vestmannaeyjum, og leyfum okkur að láta í ljós skoðanir okkar á leiðum til að afla fjár til efnahagslegrar aðstoðar íbúa Vestmannaeyjakaupstaðar, og eru þær á þessa leið:

1) að leitað verði framlaga í formi lána eða á annan hátt, sem reglur þeirra sjóða leyfa, sem til eru á vegum Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins og ætlað er það hlutverk að veita fyrirgreiðslu þegar sérstök vandamál ber að höndum, sem ekki er talið eðlilegt að leyst verði eftir venjulegum leiðum.

2) að hæstvirt ríkisstjórn samþykki móttöku á fjárframlögum, sem boðin hafa verið fram erlendis frá eða síðar kunna að verða boðin fram og skipti þá engu máli frá hvaða landi framlagið kann að verða boðið.“

Ályktun þessi var send forsætisráðherra.

# Útvarpsráðsmenn á Heimaey

Frá Árna Johnsen.

ÞRÍR meðlimir Útvarpsráðs spruttu upp á Heimaey s.l. sunnudag jafnóvænt og eldgosið. Voru það Njörður P. Njarðvík formaður Útvarpsráðs, Ólafur Ragnar Grímsson, og Stefán Karlsson, fulltrúar stjórnarflokkanna í Útvarpsráði.

Komu þeir með Gullfossi á sunnudagsmorgun ásamt flokkum björgunarsveitarmanna. Þegar Gullfoss renndi að bryggju og skilaði björgunarsveitarmönnum á land, sváfu Útvarpsráðsmennirnir og Gullfoss lá úti á vík, þegar þeir vöknuðu síðar um daginn. Létu þeir þá kalla í lóðsinn og báðu hann um að sækja sig. Neituðu skipverjar á lóðsinum því. Útvarpsráðsmenn komust þó síðdegis til lands, en með ferð sinni voru þeir að athuga þörf á sérstökum útvarpstíma fyrir Vestmannaeyinga. Verður hann væntanlega tekinn upp í útvarpinu innan tíðar.

## London:

# Íslenzk húsgögn á alþjóðlegri sýningu

## — eldhúsinnréttingar fluttar út til Bretlands

**SUNNUDAGINN 28. janúar var opnuð í London alþjóðleg húsgagnasýning, sem stendur til 4. febr. n.k. og tekur Ísland nú í fyrsta skipti þátt í henni. Útflutningsmiðstöð iðnaðarins skipulagði og undirbjó þátttöku og sýningardeildinni stjórnar Þráinn Þorvaldsson.**

Þeir íslenzku aðildar sem taka þátt eru: Á. Guðmundsson, Kópavogi, sem sýnir svefnbekk hannaðan af Þorkeli Guðmundssyni; Módel-húsgögn, Reykjavík, sem sýna stól með gæru; Trésmiðjan Meiður, Reykjavík, sem sýnir steinlagt sófaborð; Kristján Siggeirsson, sem sýnir borð og stóla, hannaða af Gunnari H. Guðmundssyni og Últíma, Kópavogi, sem sýnir gluggatjöld og áklæði.

Nú er verið að setja tvær eldhúsinnréttingar frá Kaupfélagi Árnesinga upp hjá fyrirtækinu Harvey Nichols á Knightsbridge í London, og síðastliðið ár voru fluttar út nokkrar J.P.-innréttingar til einnar af aðalhúsgagnaverzlununum í London, Heals á Tottenham Court Road. Í báðum tilvikum er um að ræða innréttingar klæddar rósaviði og eru miklar vonir bundnar við þennan útflutning.

## Atvinnumál Vestmannaeyinga:

# Vantar vinnu fyrir kvenfólkið

**„ÞAÐ er búið að bjóða fram geysimörg atvinnutilboð, en einkum í fiskvinnu, verkamannavinnu og fagvinnu. Það vantar vinnu fyrir kvenfólkið, í verzlunum og á skrifstofum,“ sagði Sigurður Guðmundsson hjá vinnumiðlun Vestmannaeyinga í Hafnarbúðum í samtali við Mbl. í gær.**

Sigurður sagði að atvinnutilboðin skiptu hundruðum víðs vegar að af landinu. Hann sagði að það væri fyrst núna að fólk væri byrjað að kanna með atvinnu, en fæstir hefðu þó skap í sér til þess enn sem komið væri. Sigurður sagði að flest fólkið vildi vera á Rvíkursvæðinu, innan um aðra Vestmannaeyinga og til að geta betur fylgzt með þróuninni heima. Hann sagði að mestu erfiðleikarnir væru í sambandi við húsnæðisöflun í sambandi við vinnuna. Þó hefðu Akureyringar gengið þannig frá sínum atvinnutilboðum að þar fylgdi með húsnæði og það ekki til einnar nætur heldur til frambúðar. Nokkrir Vestmannaeyingar hafa þegar farið til Akureyrar og tvær stúlkur hafa t.d. ráðið sig á Skíðahótelið í Hlíðarfjalli. Annars væru Vestmannaeyingar, eins og skiljanlegt mætti teljast, ragir við að fara út á land enn sem komið væri. Margir ættu líka eftir að fá búslóð sína til lands. „En það má búast við að hreyfing fari að komast á þessi mál nú í vikunni,“ sagði Sigurður að lokum.

# Skemmtun til styrktar Vestmannaeyjum

**NÆSTKOMANDI miðvikudag (31. janúar) verður haldin í Háskólabíói fjöldaskemmtun til styrktar íbúum Vestmannaeyja. Þar kemur fram mikill fjöldi skemmtikrafta, sem leggja fram vinnu sína endurgjaldslaust og bíóið er einnig lánað án endurgjalds. Skemmtunin hefst klukkan 9 og kostar aðgöngumiðinn kr. 300.**

Sérstakir gestir kvöldsins verða forseti Íslands, herra Kristján Eldjárn, biskupinn yfir Íslandi, herra Sigurbjörn Einarsson, borgarstjóri Birgir Ísleifur Gunnarsson og Will H. Perry, fulltrúi Sameinuðu þjóðanna í Almannavörnum.

Eftirtaldir skemmtikraftar koma fram í Háskólabíói: Litið eitt, Þorvaldur Halldórsson, Gísli & Júlli, Kristín Lillendahl, Ríó tríó, Náttúra, Ómar Ragnarsson, María Llerena frá Kúbu, Guðbergur Auðunsson, Jónas & Einar, Haukur Snorrason, Guðrún Á. Símonar, Jón Gunnlaugsson og Jörundur.

## 50 ára í dag:

# Einar J. Gíslason forstöðumaður



EINAR J. Gíslason er fimmtugur í dag. Foreldrar hans eru Guðný Einarsdóttir og Gísli Jónsson, bæði Rang[illegible]gar að uppruna, en áttu heima í Vestmannaeyjum alla sína búskapartíð. Þar lifir Gísli enn, níræður að aldri. Einar faðir Guðnýjar var fjórði maður í beinan karllegg frá Eyvindi Jónssyni, Fjalla-Eyvindi. Í móðurætt var Guðný komin af presta Högna, þannig að Sigríður Ögmundsdóttir, langamma Guðnýjar, var sonardóttir séra Högna.

Gísli faðir Einars er þrettándi liður, í föðurætt, frá Þorleifi Björnssyni ríka, hirðstjóra. Þorleifur er kunnur að mörgu, og meðal annars því, að hann átti Flateyjarbók. Þann kjörgrip áttu ekki margir í þann tíð.

Gísli á Arnarhóli, faðir Einars, var skipstjóri í Vestmannaeyjum 29 vertíðir og hlekktist aldrei á. Hann var gæfumaður á sjó og landi.

Ég kynntist Guðnýju, móður Einars, meira en manni hennar. Kom það til af því, að hún var ein af stofnendum Betelssafnaðarins í Vestmannaeyjum og meðlimur safnaðarins um áratuga skeið. Hún var fluggreind og stálminnug. Tíguleg á velli og djörf í framgöngu. Þegar hún var komin um fimmtugt, var ég eitt sinn staddur á heimili þeirra hjóna. Bar þá eitthvert atvik til þess, að ég sagði við þá sem næstir mér voru: „Mikil myndar kona er hún Guðný.“ Gísli, maður hennar, stóð nokkru fjær, sneri sér léttilega við á öðrum fæti, eins og væri hann að stíga ölduna á skipi sínu á hafi úti, og svaraði að bragði: „Þú hefðir átt að sjá hana tvítuga.“

Einar Þorsteinsson, faðir Guðnýjar, var maður greindur og fjölfróður. Athygli hans var skörp og minnið frábært. Þegar hann var kominn um áttrætt, gat hann lesið upp úr minni sínu eins hratt og viðstöðulaust, sem væri hann að lesa af bók. Allar breytingar á landakorti Evrópu, eftir fyrri heimsstyrjöldina, gat hann sagt í fermílum. Þau ár, sem við hjónin vorum í Betel í Vestmannaeyjum, var þessi öldungur einn mesti aufúsugestur á heimili okkar. Kona mín hafði svo mikla ánægju af að heyra hann segja frá, að hún gleymdi sér stundum með öllu. Og nú, 30 árum síðar, fer hún oft með orðréttar setningar eftir honum, og þá finnst henni, sem hún klæði íslenzkt mál í sparifötin. Hér er svo eitt dæmi um glöggskyggni hans. Það jaðrar við að vera lygilegt. Ég heyrði frá þessu sagt fyrir mörgum árum, og fékk það örugglega staðfest seinna. Í kringum 1930 var verið að smíða trillubát í Vestmannaeyjum fyrir Kristin Ásgeirsson frá Litlabæ. Ein viðartegundin, sem smíðað var úr, var mjög sérkennleg og leyndi ekki kostum. Af því urðu umræður manna á milli, um það, hvaða viðartegund þetta væri og hvaðan innflutt. Enginn hafði svar við því. Einn dag ber þar að bónda ofan úr Rangárvallasýslu, er kominn var snögga ferð til Eyja. Hann hyggur að verki smiðanna og sem aðrir virðir hann fyrir sér viðartegundina, og þekkti hana óðara. Sagði þeim síðan nafnið á henni, og kvað þennan við vaxa aðeins á einum stað á jörðinni — á Patagoníu, suður við Falklandseyjar. Þetta var Einar Þorsteinsson.

Svipmynd ein stendur ljós fyrir hugskotssjónum mínum. Það var bjartan vordag, að ég sá Guðnýju, móður Einars J. Gíslasonar, ganga eftir Faxastíg í Vestmannaeyjum. Það var eftir guðsþjónustu í Betel. Synir hennar, Óskar og Einar, gengu sinn á hvora hönd henni. (Þau Gísli og Guðný áttu auk sonanna tveggja, þrjár dætur). Þessi myndarlega kona kom þarna fyrir sjónir mínar eins og eik mikil í skógi mannfélagsins, með tvo viðarteinunga, er sprottið höfðu upp af rótum hennar. Eins og þessir tveir ungu og gjörvulegu menn gengu þarna sinn á hvora hönd móður sinnar, viðbúnir að gefa henni hvern þann stuðning, sem hún hefði þurft, þannig hafa þeir stutt móðursöfnuð Hvítasunnuhreyfingarinnar á Íslandi, sem Betelsöfnuðurinn í Vestmannaeyjum er, af þvílíkum alhug, að ef móðirin hefði fengið að sjá verk sonanna til heilla því málefni, þá held ég að hún hefði talið sig hamingjusömustu móður á Íslandi. — Guðný unni þessu starfi af heilum hug, en er dáin nú fyrir mörgum árum.

Tveir samstæðir bræður í einu verki er jafnmikil heill fyrir málsstaðinn sem það er fagurt. Það er því varla hægt að minnast annars nema hins sé getið að nokkru. Hafi öðrum fallið í vöggugjöf einörð viðbragðsskerpa, sem manni og predikara, þá féll hinum í skaut spakleg djúpúð, er líkist kyrrum vötnum, er minnast við græna bakka. — En vísast er sama vatnið bæði í fossinum og hylnum.

Ungur fékk afmælissveinninn nöfnin tvö: Einar Jóhannes. Fyrra nafnið er nafn móðurföður hans, hitt er Jóhannes skírari. Það er engu líkara en hugblær spámannlegs anda hafi svifið yfir geðheimum móðurinnar — því að ég ætla að hún hafi ráðið meir um þessa nafngjöf en faðirinn — er hún valdi yngra syni sínum þessi nöfn. Það kemur nefnilega í ljós, þegar við skyggnum líf mannsins, sem ber nöfnin, þá á verkamaðurinn alltaf annan hlutann á móti kennimanninum og predikaranum, og beggja vegna er svo vel bitastætt að athygli vekur.

Einar J. Gíslason er fæddur og vaxinn upp í mestu verstöð landsins — Vestmannaeyjum. Þar var engin linkind sýnd, hvorki unglingum né fullorðnum. Hver ungur sveinn varð að velja á milli þess, að slá strax sigg á sína hnúa eða verða aftur úr í lífsbaráttunni. Og það síðara féll mínum manni ekki vel. Tæplega tvítugur er hann orðinn vélstjóri, jafnvígur til sjós og lands. Hann var kjörinn ríkisskoðunarmaður á vélar og öryggistæki í allri verstöðinni. Þetta var ábyrgðarmikið starf, sem líf margra manna var undir komið. Því þurfti allrar ábyrgðar og samvizkusemi að gæta í hvívetna. Þetta gæti ég nefnt Einars-línuna í nafngjöfinni. Það er hin athafnasama, starfandi hönd.

Jafnhliða þessu gerist hann forstöðumaður Betelsafnaðarins í Vestmannaeyjum, rúmlega tvítugur að aldri. Það starf tekur hann að sér án launa, þegar lítill styrkur fyrstu árin er undan skilinn. En þeim styrk hafnaði hann fljótlega, en skylduræknin við málefnið stóð áfram á sínum stað. Þessari stöðu heldur hann óslitið yfir 20 ár með þeirri ósérplægni og skörungsskap, að viðbrugðið er. Þegar hann var kallaður sem forstöðumaður til Fíladelfíusafnaðarins í Reykjavík, er Ásmundur Eiríksson lét af því starfi vegna aldurs, var hans sárt saknað af öllum söfnuðinum og byggðinni í heild. Þetta er nokkur mælikvarði á inntakið í manninum og predikaranum. Það hefur aldrei þótt létt að gerast andlegur leiðtogi í fæðingarbæ sínum, þar sem allir þekkja alla. En sumir eiga það atgervi að standa vel upp úr, þegar fjöldinn hverfur í flata sögu. Þetta gæti þá verið Jóhannesar-línan í nafngjöfinni, og er hún ekki hinni síðri.

Að halda virðingu og reisn sem predikari, við hliðina á ábyrgðarmiklum störfum öðrum alla virka daga, meira en tuttugu ár, er ekki meðal manns afrek. Þó liggur atgervið ekki í því að hér sé á ferð langskólamaður. Ég hygg að hann hafi ekki tekið gagnfræðastigið í skóla. En hann tamdi sér ungur þá lífslist, sem sjálfur furstinn á meðal predikara, Charles Spurgeon, gaf ungum mönnum á sinni tíð: Ef þú átt ekki peninga til að kaupa þér hvort tveggja, máltíð og góða bók, þá kauptu bókina heldur. Og Einar hefur alltaf keypt bókina. Þreyttur eftir önn dagsins hefur hann tekið bókina og lesið langt fram á nótt. Með skarpri íhygli og afburða minni hefur bókin orðið honum það, sem langskólarnir hafa orðið öðrum, og vel það, getur mörgum fundizt, sem hlusta á predikanir hans. Þar hefur reynzt hollur heimafenginn baggi.

En helgust allra bóka hefur Heilög ritning verið honum, sem Guðbrandur biskup Þorláksson gaf Íslendingum á eigin tungu löngu áður en miklu fjölmennari nágrannaþjóðir áttu hana á sínum. Hérna stækkar metnaður Einars nokkuð. Það sé fjarri mér að gera afmælisbarninu rangar getsakir. En ég held, að ég fari með satt mál, er ég ætla að Einari þyki ekki verra, að hann er 11. liður gegnum föðurætt sína, frá Guðbrandi biskupi Þorlákssyni. Aldirnar sléttast út, þegar hann lætur hugann hverfa „heim að Hólum“ til að ganga á vit biskupsins þjóðkunna og þjóðkæra. Þar fer hann næmum höndum um snjáðar bækur og gömul blöð og festir sér nákvæmlega í minni hvað þessi forfaðir hans lét prenta margar bækur í prentsmiðju sinni — 93 bókatitla.

Sagt var um þann, sem afmælisbarnið var látið heita eftir, að hálfu leyti: „Hann var brennandi og skínandi lampi.“ Þegar andinn er yfir Einari í predikunarstóli, ætla ég, að heimfæra megi þessi orð upp á hann, án mikilla afskrifta. Hann er ræðumaður af Guðs náð, þar sem saman fer staðgóð þekking á Heilagri ritningu og snjall málflutningur, með skörpum og hnitmiðuðum ívitnunum í menn og atburði víðs vegar um heim. Þá skilur jafnvel hinn einfaldi að þarna hafa orð Meistarans tekið sér stað: „Þess vegna er sérhver fræðimaður, sem er orðinn lærisveinn himnaríkis, líkur húsráðanda, sem ber fram nýtt og gamalt úr fjársjóði sínum.“

Þegar Einar J. Gíslason hafði verið rúmt ár forstöðumaður Fíladelfíusafnaðarins í Reykjavík, sagði athugull utansafnaðarmaður við fyrrverandi forstöðumann safnaðarins: „Líður þér ekki vel, þegar þú hugleiðir það, að þessi maður varð eftirmaður þinn?“ Ég svaraði: „Þú átt svar mitt í þinni eigin spurningu.“

Einar er tvígiftur. Fyrri kona hans var Guðný Sigurmundsdóttir. Börn þeirra: Guðrún, Guðni og Sigurmundur. Guðný dó af barnsförum ásamt barni þeirra. Seinni kona er Sigurlína Jóhannsdóttir. Þau eiga eina dóttur — Guðnýju. Báðar konurnar gagnmerkar, góðar húsfreyjur, eiginkonur og mæður. Börn Einars eru öll vel greind og mannvænleg.

Rétt þykir að taka það fram, að Einar J. Gíslason verður ekki heima í dag. Skýringu á því geta vinir hans fengið, ef þeir lesa greinina, „Á ég að gæta bróður míns?“ sem er á öðrum stað í þessu blaði.

Guð blessi afmælisbarnið og alla ættmenn þess.

**Ásmundur Eiríksson.**


**Breyttur viðtalstími**

Viðtalstími minn verður framvegis kl. 11 — 12 alla virka daga, nema laugardaga, — og kl. 16 — 17.30 mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga. — Á öðrum tíma eftir umtali.

RAGNHEIÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR, læknir,
Túngötu 3, Reykjavík — Sími 14515.
Sérgrein: Augnsjúkdómar.

**ÚTBOÐ**

Tilboð óskast í smíði á 1000 sorpílátum fyrir Hreinsunardeild Reykjavíkurborgar.
Útboðsgögn eru afhent í skrifstofu vorri.
Tilboðin verða opnuð þriðjudaginn 20. febrúar n.k. kl. 11.00.

**INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR**
Fríkirkjuvegi 3 — Sími 25800





Nýkomnar V-þýzkar
**göngugrindur**
Sérstaklega stöðugar og góðar grindur.
Eigum ennfremur aukapoka í göngugrindur.

**LEIKFANGAVER**
Klapparstíg 40 — Sími 12631.

***Einbýlishús***

**m/ 3ja herb. íbúð í kjallara**

Á Seltjarnarnesi, sólarmegin, er til sölu tveggja íbúðahús, grunnfl. samt. rúml. 360 ferm. Hæðin rúml. 180 ferm., glæsileg íbúð með öllum nýjustu innrétt., 4 svefnherb. og þvottahúsi. Tveir inngangar. Í kjallara 3 herb. íbúð með öllu sér, en getur verið sameiginleg með íbúðarhæðinni. Þá eru leikherb., húsbóndaaðsetur og geymslur í kjallara. Húsið fullgert að utan ásamt bílskúr og ræktuð lóð. Það, sem áfátt er ennþá, verður skilað fullfrágengnu.
Upplýsingar aðeins á skrifstofunni.

Fasteignasalan HÚS & EIGNIR,
Bankastræti 6.

## útvarp

Framhald af bls. 30

16.15 Veðurfregnir. Tilkynningar.

**16.25 Popphornið**

**17.10 Tónlistarsaga**
Atli Heimir Sveinsson sér um þáttinn.

**17.40 Litli barnatíminn**
Þórdís Ásgeirsdóttir og Gróa Jónsdóttir sjá um tímann.

18.00 Létt lög. Tilkynningar.

**19.00 Fréttir.** Tilkynningar.

**19.20 Á döfinni**
Umsjónarmaður: Magnús Finnsson blaðamaður.

**20.00 Kvöldvaka**
a. **Einsöngur**
Sigurður Skagfield syngur lög eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson; höfundur leikur undir.
b. **Feigur Fallandason**
Sverrir Kristjánsson sagnfræðingur flytur fimmta hluta frásagnar sinnar af Bólu-Hjálmari.
c. **Stökur úr Strandasýslu**
Laufey Sigurðardóttir frá Torfufelli flytur.
d. **Bréf úr myrkri eftir Skúla Guðjónsson á Ljótunnarstöðum**
Pétur Sumarliðason les bréfin um bækur og frelsi.
e. **Um íslenzka þjóðhætti**
Árni Björnsson cand. mag. flytur þáttinn.
f. **Kórsöngur**
Söngfélagið Harpa syngur nokkur lög; Róbert A. Ottósson stj.

**21.30 Að tafli**
Ingvar Ásmundsson flytur skákþátt.

22.00 Fréttir

22.15 Veðurfregnir
**Útvarpssagan: „Haustferming" eftir Stefán Júlíusson**
Höfundur les (11).

**22.45 Nútímatónlist**
Halldór Haraldsson kynnir tónlist eftir Lutoslawsky; — fyrsti þáttur.

23.30 Fréttir í stuttu máli.

Dagskrárlok.

### FIMMTUDAGUR
**1. febrúar**

**7.00 Morgunútvarp**
Veðurfregnir kl. 7.00, 8.15 og 10.10. Fréttir kl. 7.30, 8.15 (og forustugr. dagbl.), 9.00 og 10.00.
**Morgunbæn** kl. 7.45. **Morgunleikfimi** kl. 7.50.
**Morgunstund barnanna** kl. 8.45: Hulda Runólfsdóttir heldur áfram endursögn sinni á sögunni af Nilla Hólmgeirssyni eftir Selmu Lagerlöf (10).
Tilkynningar kl. 9.30. Þingfréttir kl. 9.45. Létt lög á milli liða.
**Heilnæmir lífshættir** kl. 10.25: Björn L. Jónsson læknir talar um megrunarfæði.
**Morgunpopp** kl. 10.45: Hljómsveitin Humble Pye syngur og leikur. Fréttir kl. 11.00. **Hljómplötusafnið** (endurt. þáttur G.G.).

12.00 Dagskráin. Tónleikar. Tilkynningar.

12.25 Fréttir og veðurfregnir. Tilkynningar.

**13.00 Á frívaktinni**
Margrét Guðmundsdóttir kynnir óskalög sjómanna.

**14.15 Til umhugsunar** (endurtekinn þáttur).
Árni Gunnarsson fréttamaður talar um áfengisneyzlu á liðnu ári.

**14.30 Frá sérskólum í Reykjavík; VI Ljósmæðraskóli Íslands**
Sigríður Guðmundsdóttir talar við skólastjórann, Pétur H. J. Jakobsson yfirlækni.

**15.00 Miðdegistónleikar**
Félagar úr Vínarorktettinum leika Divertimento nr. 17 í D-dúr (K334) eftir Mozart.
Hátíðarhljómsveitin í Bath leikur Divertimento fyrir strengjasveit eftir Bela Bartók; Yehudi Menuhin stj.

16.00 Fréttir

16.15 Veðurfregnir. Tilkynningar.

**16.25 Popphornið**

**17.10 Barnatími: Eiríkur Stefánsson stjórnar**
a. **„Mús og kisa"**
Börn flytja sögu eftir Örn Snorrason.
b. **Rabb og sönglög**
c. **Útvarpssaga barnanna: „Uglan hennar Maríu" eftir Finn Havrevold**
Olga Guðrún Árnadóttir les (13).

18.00 Létt lög. Tilkynningar.

18.45 Veðurfregnir.
Dagskrá kvöldsins.

**19.00 Fréttir.** Tilkynningar.

**19.20 Daglegt mál**
Indriði Gíslason lektor flytur þáttinn.

**19.25 Glugginn**
Umsjónarmenn: Gylfi Gíslason, Guðrún Helgadóttir og Sigrún Björnsdóttir.

**20.05 Einsöngur í útvarpssal: Elín Sigurvinsdóttir syngur**

lög eftir Siguringa E. Hjörleifsson, Gylfa Þ. Gíslason, Sigvalda Kaldalóns og Eyþór Stefánsson. Guðrún Kristinsdóttir leikur á píanó.

**20.35 Leikrit: „Engum er Crichton líkur" eftir James Barrie**
Þýðandi: Karl Guðmundsson.
Leikstjóri: Helgi Skúlason.
Persónur og leikendur:
Ernest ........... Borgar Garðarsson
Crichton ........ Þorsteinn Gunnarsson
Agatha .................. Valgerður Dan
Catherine ........ Soffía Jakobsdóttir
Lady Mary ........ Þóra Friðriksdóttir
Mr. Treherne ....... Gísli Alfreðsson
Lord Loam .... Rúrik Haraldsson
Brocklehurst .... Kjartan Ragnarss.
Tveeny ........... Sólveig Hauksdóttir
Lady Brocklehurst. ........ Guðbjörg
........................ Þorbjarnardóttir
Sögumaður ......... Helgi Skúlason
Aðrir leikendur: Þórunn Sigurðardóttir, Karl Guðmundsson, Daníel Williamsson og Hallgrímur Helgason.

22.00 Fréttir

22.15 Veðurfregnir.
**Reykjavíkurpistill**
Páll Heiðar Jónsson staldrar við á Vesturgötu og í Grjótaþorpi.

**22.45 Manstu eftir þessu?**
Tónlistarþáttur í umsjá Guðmundar Jónssonar píanóleikara.

23.30 Fréttir í stuttu máli.

Dagskrárlok.


**Norðfirðingafélagið**

Þorrablót 1973 verður haldið í veitingahúsinu Útgarði í Glæsibæ föstudaginn 2. febrúar kl. 20. — Aðgöngumiðar seldir í Útgarði fimmtudaginn 1. febrúar kl. 17—19.
**Norðfirðingar fjölmennið.**

STJÓRNIN.

**Hestamannafélagið FÁKUR**

**TAPAZT**

hefur brúnskjóttur hestur úr hagbeit á Kjalarnesi. Þeir, sem verða hestsins varir, góðfúslega hafi samband við skrifstofu Fáks, sími 30178 milli kl. 14—17.

**Útsala**
**á kvenskóm**
**og kvenkuldaskóm**

Verðá 50, 1000, 1500 og 2000 krónur.



**SKÓVER**
Týsgötu 1.


# Húsnæðiskönnun vegna Vestmannaeyinga

## Þörfin á húsnæði er brýn

**Þó öll þjóðin trúi því og voni, að Vestmannaeyingverði kleift að snúa aftur til heimabyggðar sinnar, þá er ljóst, að af því getur ekki orðið meðan byggð er í hættu á Heimaey. Þangað til stendur þorri Vestmannaeyinga frammi fyrir alvarlegum húsnæðisvanda.**

**Þennan vanda þarf þjóðin að sameinast um að leysa á þann hátt að til komi sem minnst röskun á daglegu lífi.**

**Það athvarf sem Vestmannaeyingar áttu hjá vinum og vandamönnum, nóttina sem hamfarirnar dundu yfir, er í flestum tilfellum þess eðlis, að um gistingu er ekki að ræða nema skamma hríð. Það er því brýn nauðsyn að útvega Vestmannaeyingum húsnæði til búsetu þar sem hægt er að koma á eðlilegu fjölskyldu- og heimilislífi.**

Nefnd á vegum Rauða kross Íslands og Vestmannaeyjakaupstaðar er að setja af stað gagngera könnun á húsnæðismöguleikum, sem leyst gætu vandræði Vestmannaeyinga til nokkurrar frambúðar. Í því skyni hefur verið sett á fót í skrifstofu Rauða kross Íslands skráningarmiðstöð fyrir allt það húsnæði sem kostur er á, í nokkurn tíma, í því sambandi skal bent á, að þeir, sem nú þegar hýsa Vestmannaeyinga, og hafa aðstöðu til þess að gera það áfram, eru vinsamlega beðnir að hafa samband við skráningarmiðstöðina.

Liður í þeirri könnun sem hér um ræðir, er eyðublað það, sem birt er hér með, þar sem menn geta tilkynnt húsnæði, sem þeir hafa til ráðstöfunar. Það skal tekið fram, að allar upplýsingar eru vel þegnar, og þó um sé að ræða húsnæði, sem ef til vill er ekki í íbúðarhæfu ástandi eins og er, en hægt væri að gera í stand með litlum tilkostnaði.

Bæjar- og sveitarfélög um land allt munu taka þátt í þessari könnun, þannig að fólki er bent á að hafa samband við viðkomandi bæjar- og sveitarfélag.

Allar frekari upplýsingar og aðstoð við útfyllingu á meðfylgjandi eyðublaði eru veittar hjá Rauða krossi Íslands, Öldugötu 4 í símum 25543 og 14658.

Í framkvæmdanefnd könnunarinnar eru Gísli B. Björnsson teiknari, Jóhann Friðfinnsson kaupmaður, Vestmannaeyjum, Otto Michelsen forstjóri IBM, Þórhallur Halldórsson framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins í Reykjavík, Valdimar Óskarsson framkvæmdastjóri Fasteignamats ríkisins og Eggert Ásgeirsson frá RKÍ.

**RAUÐI KROSS ÍSLANDS** Húsnæðiskönnun vegna Vestmannaeyinga

**A** Ég býð hér með neðangreint húsnæði til afnota [Nafnnúmer]

Nafn ____________ ________

Heimilisfang ____________

____________

____________

Heimasími ________ Vinnusími ________

**B** Húsnæðið er staðsett

☐ Á sama stað og heimili mitt

Annars staðar – Heimilisfang

____________

____________

____________

**C** Upplýsingar um húsnæðið sem í boði er:

I. STÆRÐ
Áætlaður fermetrafjöldi er ________
☐ 1 herb.
☐ 2 herb.
☐ 3 herb.
☐ 4 herb.
☐ 5 herb.
☐ Fleiri

Auk þess:
☐ Eldhús
☐ Aðg. að eldhúsi
☐ Baðherb.
☐ Aðg. að baðherb.
Staðsetning í húsi
________

2. ÁSTAND HÚSNÆÐIS
☐ Í góðu lagi
☐ Í sæmil. lagi
☐ Þarf að lagfæra fyrir ca. kr.
☐ Hús í byggingu
________
________
________

3. TÍMI
Vestmannaeyingur/ar er þegar í því húsnæði sem um ræðir
☐ Já ☐ Nei
☐ Húsnæði laust strax
Laust ca dagsetn. ________
Afnotatími?
________

4. ANNAÐ
(t.d. leigukjör)
________
________

Vinsamlegast krossið við þau atriði sem við á

Vinsamlega póstsendið með utanáskriftinni

**RAUÐI KROSS ÍSLANDS**
Öldugötu 4, Reykjavík

# SAGAN

## Hringt eftir miðnætti

M.G.EBERHART

í þýðingu Páls Skúlasonar.

var búin að missa trúna á öllum lyklum, en annars var nú enginn lykill hér.

Hún horfði á hialínsnáttkjólinn, sem lá á rúminu, en loks tók hún hann varlega upp, braut hann saman og lagði hann niður í skúffu. Það var betra að sofa í sínu eigin skinni en í náttkjól af Fioru. Ljósrauður kniplingainnisloppur lá þarna á stólbaki. Ljósrautt silki og kniplingar! Fiora?

Nei, ekki gat þessi dularfulla ástmær Arthurs verið Fiora. Það var ekkert að marka smekkinn, þegar svona fatnaður var annars vegar. Þúsundir kvenna keyptu sömu tegundina.

Auk þess hefði Fiora aldrei lagt sig í þá áhættu að missa Pétur. Og Arthur hefði aldrei viljað eiga það á hættu að glata vináttu Péturs. Þetta hlaut að vera bölvuð vitleysa, að láta sér detta annað eins í hug.

Það er naumast ég er orðin ómerkileg í mér, hugsaði Jenny önug. Hún flýtti sér að afklæða sig, opnaði gluggann út að garðinum og slökkti ljósið. Hún gat heyrt til Cals í næsta herbergi, þegar hann opnaði gluggann og lagðist síðan í rúmið, svo að brakaði í fjöðrunum. Það var talsverð huggun að vita einhvern svona nærri.

Hún mundi eftir sama kjólnum og Cal hafði munað eftir — þetta hafði verið uppáhaldskjóllinn hennar, úr hvítu silki. Eftir stundarkorn ákvað hún, að hugsa ekki of mikið um Cal og það sem hann hafði sagt. Cal hafði sjálfur gert enda á málið. Hann hafði á eðlilegan hátt og einbeittlega gefið bendingu um, hvernig kunningsskapur þeirra ætti að verða framvegis — enda elskaði hún Pétur, og það var heimskulegt að vera að láta undan því, sem ekki var annað en kvenlegur hégómaskapur.

Það var líka heimskulegt — já hreinasta vitleysa — að leggja nokkurn hlut upp úr þessu atviki, sem kom henni svo á óvart. Þau Cal mundu halda áfram að vera nákvæmlega sömu kunningjarnir eftir sem áður. Cal hafði gert henni þetta ljóst, og hún vonaði, að hún fyrir sitt leyti hefði gert honum það ljóst.

Húsið var óhugnanlega þögult. Regnið, sem hafði hangið yfir allan daginn, kom nú loksins og suðaði milt á rúðunum. Þetta var rétt eins og þegar fólk er að hvíslast á um hluti, sem ekki þola að segjast upphátt.

Jenny glaðvaknaði allt í einu, án þess þó að vita, hve lengi hún hefði sofið. Hún vissi bara, að nú var farið að hvessa og óveðrið lamdi á rúðurnar. En hún vissi líka, að einhver var inni í herberginu hjá henni.

### 14. kafli

Regnið og stormurinn hömuðust á glugganum. En hún hlaut nú samt að hafa heyrt eitthvert annað og ólíkt hljóð, sem hefði vakið hana og væri skammt frá henni.

Kveiktu ljósið, sagði hún við sjálfa sig. Seilstu eftir lampanum og kveiktu. Henni datt líka í hug að æpa upp yfir sig. En það var bara engin ástæða til þess að vera að æpa. Ekkert hljóð, engin rödd, ekkert. Þá heyrði hún ofurlítinn smell, rétt eins og eitthvað hefði verið sett niður á gler. Svo heyrðist ofurlítil suða, en síðan ekkert. Vindgustur þaut gegnum herbergið.

Hún beið í nokkrar sekúndur, en ástæðan til þess arna virtist augljós. Það var hvasst. Eitthvað á snyrtiborðinu hafði fokið um koll og oltið niður á gólf — það var nú allt og sumt. En hún átti fullerfitt með að seilast að lampanum og kveikja ljósið.

En þegar því var lokið, var eins og allt herbergið lifnaði, og vitanlega var þarna engin sála. En gluggatjöldin fuku til. Hún fór fram úr, lokaði gluggunum að mestu leyti, svipaðist um til þess að sjá, hvað það væri, sem hefði fokið niður á gólf, fann ekkert og fór upp í aftur.

Hún lét ljósið loga, enda þótt hún hálfskammaðist sín fyrir hræðsluna, er. lét samt undan henni. Einu sinni datt henni í hug að fara inn í herbergið til Cals og vekja hann og segja honum, að hún væri hrædd — en við hvað? Vindstroku, eða einhvern hávaða, sem sjálfsagt stafaði af óveðrinu og hafði vakið hana? Einhvern smáhlut, sem hafði oltið ofan af einhverju borði?

En ef dyrnar hefðu verið opnaðar og þessi gustur hefði stafað af því? Það var ekki nema rökrétt! En það var nú ekkert vit í því samt, og hún komst að þeirri niðurstöðu, að hún væri að hræða sjálfa sig að óþörfu.

En það leið nú samt langur tími, áður en hún gæti sofnað. Síðan svaf hún í einum dúr og kom ekki niður til morgunverðar, fyrr en allt hitt fólkið hafði lokið við hann.

Pétur og Blanche komu inn þegar hún var að ljúka úr kaffibollanum. Pétur var í gráum fötum og með svart bindi í tilefni af athöfninni, sem stóð fyrir dyrum. Og svart sorgarband, sem var sennilega leifar frá sams konar tækifæri hjá ættinni, var um handlegg honum. Hann sagði: — Góðan daginn, Jenny, og virtist alveg eins og hann átti að sér.

Blanche sagði. — Jæja, þá ertu komin á fætur, Jenny. Þú tekur þó ekki svefntöflur?

Svefntöflur? hugsaði Jenny, en svaraði síðan einbeittlega: — Nei, það geri ég aldrei.

— Ó! Ég skil bara ekki í því, hvernig þú getur sofið svona langt fram eftir. Ertu tilbúin að fara? Lögreglan sagði, að réttarhaldið væri klukkan ellefu.

— Ekkert liggur á, sagði Pétur.— Við höfum nógan tíma.

En Jenny flýtti sér nú samt og þaut upp til þess að ná í kápuna sína. Það var komið logn, og rigningin var orðin að úða. Hún leit út og gat ekki séð skil milli hafs og himins. En hún sá frú Brown og Cal, sem gengu saman eftir stígnum við sjógarðinn. Frú Brown var í skjannalegri kápu og virtist hafa orðið. Jenny gat ekki annað en dáðst að því, hve Cal gat verið þolinmóður og kurteis.

Hún svipaðist um eftir kápunni sinni, en mundi þá, að hún var í fataskápnum niðri, gekk svo að speglinum til þess að athuga, hvort hárið á henni væri í lagi, en sá þá lítið tómt glas, sem lá á hliðinni, rétt við snyrtiborðið.

Hún vissi upp á hár, hvað þetta var, áður en hún tók það upp. Þarna var sami miðinn og sama áletrunin: „Frú Vleedam, tvær undir svefninn."

Hún þóttist samstundis alveg viss um, að það hefði verið þetta glas, sem small á borðplötunni, en valt síðan og datt niður á gólf.

Hafði einhver læðzt inn í herbergið til hennar? Hafði einhver staðið þarna í myrkrinu? Hafði einhver sett þetta tóma glas á borðið og gert það svo klaufalega í myrkrinu, að það valt og datt?

Blanche hafði spurt fyrir tæpum fimm mínútum, hvort hún tæki svefntöflur. Blanche hefði vel getað læðzt inn til hennar og skilið glasið eftir — en til hvers? Það var engin ástæða til þess. Hver í húsinu sem var, hefði getað gert það.

Henni leið illa og hún var hrædd við þetta, sem hún vissi ekki, ekki síður en hitt, sem hún vissi. Það sem hún vissi var að hún var ósködduð og heil á húfi, og var ekki ógnun við neinn í heiminum. Og eins hitt, að dauði hennar gæti ekki komið neinum að gagni.

Pétur kallaði á hana að neðan. Hún stakk tóma glasinu í veskið sitt og gekk niður. Dyrnar voru opnar og bíll Péturs stóð fyrir neðan tröppurnar. Það var engin leið að tala við Cal í einrúmi og segja honum, að öðru glasinu til hefði skotið upp, og hvenær og hvernig það hefði orðið. En hann talaði nú samt við hana, þegar þau voru að stíga upp í bílinn, mjög lágt og snerti handlegg hennar um leið: — Vertu róleg, þetta er bráðum búið.

Hún hlaut að hafa verið slegin og föl. Enginn þarna leit út eins og hann átti að sér. Jafnvel frú Brown sem þurfti ekki neitt að fara, en ætlaði sýnilega að fara samt, var eitthvað óeðlileg útlits.

En réttarhaldið var nú alls ekki eins slæmt og búizt hafði verið við. Þegar á réttarhaldið leið skildi Jenny alveg, hvers


S.V.F.R.

ÚTBOÐ

Stangaveiðifélag Reykjavíkur óskar eftir tilboðum í rekstur mötuneyta félagsins við Norðurá og Grímsá sumarið 1973.

S.V.F.R. leggur til aðstöðu í veiðihúsum félagsins við árnar, svo og öll áhöld, tæki og búnað til rekstrarins. Leigutaki annist hins vegar alla fæðissölu, húsrekstur, sölu gosdrykkja, tóbaks, veiðikorta og símaþjónustu fyrir eigin reikning.

Útboðslýsing liggur fyrir á skrifstofu S.V.F.R. Háaleitisbraut 68 kl. 13—17, alla virka daga nema laugardaga.

Útboðslýsinga sé vitjað fyrir 10. febrúar.

Stjórn S.V.F.R.







# velvakandi

Velvakandi svarar í síma 10100 frá mánudegi til föstudags kl. 14—15.

### ● Ríkisstjórnin og aðstoð varnarliðsins

**Ólafía Lárusdóttir, Hlégerði 35, Kópavogi** hefur beðið Velvakanda um að koma eftirfarandi á framfæri:

„Dagarnir líða og hörmungarnar í Vestmannaeyjum aukast stöðugt. Ríkisstjórnin vaknaði í gær (sunnudag) við vondan draum og kallaði saman fund. Þá hafði fjögurra barna móðir úr Vestmannaeyjum hringt til forsætisráðherra og innt hann eftir því hvort ekki væri hægt að fá hjálp frá varnarliðinu til þess að flytja búslóðir og annað frá Eyjum.

Svo kom yfirlýsing í kvöldfréttum útvarpsins um það, að ríkisstjórnin hefði ekki afþakkað neitt boð um hjálp frá erlendum ríkjum, en **það væri bara í athugun. — Hvenær ætti að þiggja hjálpina?** Má ég spyrja: **Er ekki orðin brýn þörf fyrir þessa hjálp? Þarf ekki að skipta um stjórn Almannavarnaráðs?**

Ríkisstjórnin þarf að segja af sér tafarlaust, því að hún er starfi sínu ekki vaxin.

Skipa þarf strax nefnd með færum ungum mönnum, sem kunna til verka í sambandi við skipulagningu og hjálparstörf. Og svo að lokum: Mér finnst Vestmannaeyingar eiga kröfu á því, að allt komi fram, sem þeir hafa að segja í þessum málum í útvarpi og sjónvarpi.

**Ólafía Lárusdóttir,**
**Hlégerði 35,**
**Kópavogi."**

### ● Borgarastyrjöld í Bandaríkjunum, takk!

**Húsmóðir** skrifar:

„Ég geri nú ekki annað en að stunda heimilisstörfin og þess vegna get ég fylgzt vel með öllu og geri það. Mér brá þess vegna, daginn fyrir undirritun friðarsáttmálans þegar útvarpið fór að rifja upp gang stríðsins í Víetnam. Þar var sagt, orðrétt, að almenningur í Bandaríkjunum hefði verið orðinn svo langþreyttur á stríðinu, að þar hefði legið við borgarastyrjöld! Ét hefi aldrei heyrt þetta í fréttunum og þó að eitthvað megi að þeim finna, eins og reyndar öllum, þá veit ég það, að í fréttunum hefði komið eitthvað, ef svoleiðis hefði verið að gerast í þeirri stóru sveit. Ég held að allir landsmenn muni hvernig forsetakosningarnar í Bandaríkjunum fóru síðast. McGovern, sem ætlaði að gefast upp skilyrðislaust, fékk sárafá atkvæði hvernig sem á því stendur.

Þegar ég hlustaði á þann „fróðleik", sem að ofan greinir, þá mundi ég eftir bók, sem ráðstjórnin í Rússlandi gaf út til þess að almenningur þar í landi fengi að vita sannleikann um innrásina í Tékkóslóvakíu. Þar stóð auðvitað, að Rússar hefðu verið að frelsa Tékka og Slóvaka. Í bókinni var hjartnæm mynd af fólki, sem stóð með blóm til þess að fagna frelsurunum. Þar gaf líka á að líta rússnesku hermennina í fullum skrúða vera að hjálpa bændum við uppskeruna.

Það er talað um, að ríkisútvarpið sé í fjárþröng og þurfi að hækka afnotagjaldið. Ég spyr, örugglega fyrir margra munn: Má ekki spara eitthvað af ýmsum fróðleik, sem þaðan flæðir og orkar tvímælis og lofa okkur í staðinn að lifa óáreitt í okkar fáfræði? Almenningur á Íslandi er vel læs og margir geta meira að segja lesið útlend tungumál. Síðan er hér prentfrelsi og frjáls innflutningur á öllu lesefni.

Með þökk fyrir birtinguna.

**Húsmóðir."**

### ● Rússarnir hljóta að hafa húsnæði aflögu

Gömul kona í Vesturbænum hringdi. Hún sagðist vera undrandi á þeirri uppástungu, sem fram hefði komið um það að Bandaríkjamenn, sem hafa húsnæði á leigu í Keflavík og nágrenni, rýmdu íbúðirnar. Yrði þetta gert hlyti það fólk, sem ætti að flytjast úr þessum íbúðum að komast í svipuð vandræði og Vestmannaeyingar væru nú í. Allir hlytu að þekkja það rask og óþægindi, sem fylgdu búferlaflutningum og upptöku heimila.

Hún sagðist líka vera hissa á því að enginn hefði stungið upp á því, að sovézka sendiráðið rýmdi húsnæði, sem það hefði umráð yfir. Sá húsakostur, sem Rússar hefðu lagt undir sig væri ekkert smáræði, en ekkert hefði verið minnzt á neina aðstoð úr þeirri átt, frekar en endranær.




Stratford SAFE COMPANY LTD.

ENSKIR PENINGASKÁPAR

þjófheldir — eldtraustir

heimsþekkt — viðurkennd framleiðsla.

E. TH. MATHIESEN H.F.

SUÐURGÖTU 23 — HAFNARFIRÐI — SÍMI 50152

Morgunblaðið AUGLÝSINGAR 22480

# Morgunblaðið

LESIÐ DAGLEGA

MIÐVIKUDAGUR 31. JANÚAR 1973

Loðnuverðið ákveðið:

# Kr. 1,96 á kg í febr., en kr. 1,76 eftir það

## – verksmiðjur greiði 5 aura af hverju kg í flutningssjóð

**YFIRNEFND Verðlagsráðs sjávarútvegsins hefur nú ákveðið lágmarksverð á loðnu til bræðslu, sem veidd er við Ísland á vetrarvertíðinni 1973. Áður hafði verið ákveðið verð á ferskri loðnu til beitu og frystingar. Fer tilkynning Verðlagsráðsins um þessar ákvarðanir hér á eftir:**

„Yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins hefur ákveðið eftirfarandi lágmarksverð á loðnu til bræðslu, sem veidd er við Ísland, eftirgreind tímabil 1973:

Frá og með 1. janúar til og með 28. febrúar, hvert kg kr. 1,96.

Frá og með 1. marz til 15. maí, hvert kg kr. 1,76.

Verð þetta er við það miðað, að verksmiðjur greiði 5 aura af hverju kg í sérstakan sjóð, sem fyrirhugað mun vera að stofna til þess að greiða fyrir dreifingu loðnuaflans á vinnslustaði, þannig að þá komi til skipta viðbótargreiðslur við ofangreint verð, misháar eftir fjarlægð frá veiðisvæði til löndunarhafnar. Viðbótargreiðslur þessar yrðu væntanlega samkvæmt sérstökum reglum undir stjórn nefndar þeirrar, sem fjalla skal um loðnulöndun samkvæmt lögum nr. 102 1972 um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu. Verði ekki af stofnun þessa sjóðs eða verði framlag í hann lægra en 5 aurar af hverju kg, skal ofangreint verð hækka sem því svarar.

Verðið er miðað við loðnuna komna á flutningstæki við hlið veiðiskips eða löndunartæki verksmiðju.

Verð þetta var ákveðið af oddamanni og fulltrúum kaupenda gegn atkvæðum fulltrúa seljenda í nefndinni.

Framhald á bls. 20.



## Selflutningur varnings frá Vestmannaeyjum úr flugvél Fragtflugs á Reykjavíkurflugvelli

## Dýr fargjöld

MB. STURLAUGUR frá Þorlákshöfn kom til Vestmannaeyja í gær með 40 erlenda blaðamenn og einn innlendan. Sá íslenzki fór þar í land og krafði skipstjórinn hann um 3.500 krónur fyrir ferðina, en erlendu fréttamennirnir, sem ætluðu aftur til lands með bátnum eftir um það bil klst. viðdvöl, áttu að greiða 7.500 krónur hver.

Þykir fréttamönnunum þetta nokkuð dýrt, þegar það er haft í huga, að fargjaldið milli Reykjavíkur og Eyja með Herjólfi er 5—600 krónur.

## Island vil selv løse sitt problem

*Ikke aktuelt med nordisk hjelp nå*

Det har vært kontakt mellom de nordiske regjeringer om en eventuell samlet hjelp til Island i forbindelse med katastrofen på Vestmannaøyene, men det er fra islandsk side gitt beskjed om at man foreløbig ikke ønsker noen hjelpeaksjon. Island vil ved ekstraskatter skape det økonomiske grunnlag for å mestre situasjonen og legger vekt på å skape en sterk nasjonal holdning og solidaritetsfølelse også i denne sak, får «N.H. og S.T.» opplyst ved henvendelse til statssekretær Synnes ved statsministerens kontor.

De parlamentariske lederne i Stortinget har i en felles henvendelse til Regjeringen bedt den overveie hjelpetiltak, noe Regjeringen for så vidt har vært beredt til. Foreløbig har det altså ikke aktualitet.

Frétt norska blaðsins.

Vestmannaeyjar:

# Stefnt að loðnumóttöku, er ganga nálgast

## Hluti þaks Fiskiðjunnar lét undan vikurþunganum, en trésmiðum frá Reykjavík tókst að koma í veg fyrir stórtjón

Vestmannaeyjum í gærkvöldi, frá Birni Vigni Sigurpálssyni.

ÁKVEÐIÐ hefur verið að stefna að loðnumóttöku í Vestmannaeyjum strax og fyrsta loðnuganga nálgast Eyjarnar. Var í dag byrjað að hreinsa vikur af fiskmjölsverksmiðjunni hér í Eyjum og rætt hefur verið um að byggja yfir þrærnar við fiskmjölsverksmiðjuna. Í dag varð það óhapp hjá einni fiskvinnslustöðinni í Eyjum, Fiskiðjunni hf., að hluti þaksins lét undan þunga vikurhauga, sem þar hafa safnazt í öskufallinu síðustu daga. Lá við að þar yrði milljónatjón, því að undir þessum hluta þaksins voru dýrmætar vélar. Svo heppilega vildi þó til, að hér er flokkur trésmiða og voru þeir óðar komnir á vettvang og hófu

Framhald á bls. 20.

# Íslendingar vilja ekki hjálp Norðurlanda

## – segir norskt blað eftir ráðuneytisstjóra norska forsætisráðuneytisins

**NORSKA blaðið Norges Handels og Sjöfartstidende, segir í frétt hinn 27. janúar síðastliðinn að Ísland æski í bili ekki eftir hjálp hinna Norðurlandanna vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Landið hyggist sjálft ráða bót á vandanum, með aukasköttum. — Fréttin er höfð eftir ráðuneytisstjóra norska forsætisráðuneytisins. Orðrétt er hún á þessa leið:**

„Ríkisstjórnir Norðurlandanna hafa haft samband sín í milli vegna hugsanlegrar, sameiginlegrar aðstoðar við Ísland í sambandi við hina ægilegu atburði í Vestmannaeyjum, en frá Íslandi hefur verið tilkynnt að í bili sé ekki óskað eftir neinni hjálp.

Ísland ætlar með aukasköttum að skapa þann efnahagsgrundvöll, sem þarf til að ráða bug á vandanum og leggur áherzlu á að skapa sterka þjóðareiningu í þessu máli. Norges Handels og Sjöfartstidende fékk þessar upplýsingar hjá Synnes, ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu.

Þingleiðtogar í Stórþinginu hafa í sameiningu snúið sér til ríkisstjórnarinnar og beðið hana að kanna leiðir til hjálpar og stjórnin hefur verið reiðubúin til þess. En það er sem sagt ekki tímabært."

## Slæmt veður á loðnumiðum

SLÆMT veður var á loðnumiðunum fyrir austan í fyrrinótt og flest loðnuskipanna voru því inni, en nokkur fengu slatta af loðnu. Í gær var veðrið litlu skárra, en sumir skipstjórar létu sig þó hafa það að fara út, á meðan aðrir voru áfram inni.

## Hvað var ekki rétt?

**Í SJÓNVARPSÞÆTTI í gærkvöldi fullyrti Ólafur Jóhannesson, forsætisráðherra, að í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins sl. sunnudag hefði ekki verið farið nákvæmlega rétt með fyrstu hugmyndir ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í efnahagsmálum vegna eldgossins í Vestmannaeyjum.**

**Morgunblaðið spyr forsætisráðherra: Hvað var ekki rétt?**